


Notkunarleiðbeiningar og tæknilýsing



Tom 2

Sjúkrarúm fyrir börn



D9U001K40-0131

Útgáfa: 03

Útgáfudagur: 2022-07

Framleiðandi:

L I N E T spol. s r.o.
Želevčice 5
274 01 Slaný

Sími: +420 312 576 111
Fax: +420 312 522 668

Netfang: info@linet.cz
<http://www.linet.com>
Þjónustudeild: service@linetgroup.com

Tom 2

Sjúkrarúm fyrir börn

Höfundur: L I N E T, s.r.o.
Tenglar: www.linet.cz

D9U001K40-0131
Útgáfa: 03
Útgáfudagur: 2022-07

Höfundarréttur © L I N E T, s.r.o., 2022
Þýðing © L I N E T, 2022

Allur réttur áskilinn. Öll vörumerki eru í eigu viðkomandi eigenda. Framleiðandinn áskilur sér rétt til að breyta efni þessarar handbókar hvað tækniforskriftir vörunnar varðar. Af þeim sökum er hugsanlegt að efni þessarar handbókar sé frábrugðið núverandi smíð vörunnar. Endurútgáfa notendaleiðbeininganna er aðeins heimil að fengnu leyfi útgefanda, hið sama á við um útdrátt. Með fyrirvara um breytingar vegna tækniþróunar. Öll tæknigögn eru mæld gögn og eru háð vikmörkum við smíði og framleiðslu.

Efnisyfirlit

1 Tákni og skilgreiningar	4
1.1 Viðvörðunartilkygningar.....	4
1.1.1 Tegundir viðvörðunartilkygninga.....	4
1.1.2 Uppsetning viðvörðunartilkygninga.....	4
1.2 Leiðbeiningar.....	4
1.3 Listar.....	4
1.4 Tákni á umbúðum.....	5
1.5 Tákni og merkimiðar á rúminu.....	6
1.6 Tákni og merkimiðar á dýnunni.....	9
1.7 Merkingar með raðnúmeri.....	10
1.8 Hljóðmerki (Tom 2 með PB43-stjórneiningu).....	11
1.9 Hljóðmerki (Tom 2 með PB11-stjórneiningu).....	11
1.10 Sjónmerki.....	11
1.10.1 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn (Mini-stjórnborð umönnunaraðila).....	11
1.10.2 Gaumljós rafgeymis (Mini-stjórnborð umönnunaraðila).....	11
1.10.3 LED-ljós sem sýnir læsingu (Mini-stjórnborð umönnunaraðila).....	12
1.11 Náttljós (Tom 2 með PB43-stjórneiningu).....	12
1.12 Náttljós (Tom 2 með PB11 stjórneiningu).....	12
1.13 Skilgreiningar.....	13
1.14 Skammstafanir.....	14
2 Öryggisfyrirmæli	15
2.1 Öryggisfyrirmæli.....	17
3 Fyrirhuguð notkun (Tom 2)	18
3.1 Notkunarumhverfi – uppfyllir skilyrði staðalsins EN 50637 varðandi barnalækningar.....	18
3.2 Frábendingar.....	18
3.3 Stjórnandi.....	18
4 Röng notkun	18
5 Vörulýsing	19
5.1 Tom 2 (1K4) – Útdraganlegar hliðargrindur með föstum höfða- og fótagafli.....	19
5.2 Tom 2 (1K4) – Útdraganlegar hliðargrindur með höfða- og fótagafli sem hægt er að fjarlægja.....	20
6 Tæknilysing	21
6.1 Nyttjahlutir af gerð B.....	21
6.2 Tæknilysingar (Tom 2).....	21
6.3 Umhverfisskilyrði.....	22
6.4 Tæknilysing rafkerfis (LINET-stjórneining).....	22
6.5 Rafsegulsviðssamhæfi.....	22
6.5.1 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulgeislun.....	23
6.5.2 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulnæmi.....	23
7 Notkunar- og geymsluskilyrði	24
8 Afhending og gerðir rúma	25
8.1 Afhending.....	25
8.2 Útgáfur rúms.....	25
9 Tekið í notkun	26
9.1 Virkjun rafgeymis.....	27
9.1.1 Staðsetning stjórnhluta.....	27
9.1.2 Einangrunarþynnan fjarlægð.....	27
9.1.3 Einangrunarþynna.....	27
9.2 Stoðgrind dýnu.....	28
9.2.1 Sjálfvirk hreyfing aftur á bak.....	28
9.3 Spennujöfnun.....	29
9.4 Höfðagafi og fótagafi.....	30
9.4.1 Höfðagafi og fótagafi.....	31
9.5 Fyrir notkun.....	33
9.6 Flutningur.....	33
9.7 Fastbúnaður.....	34
10 Rafmagnssnúra	34
11 Rafgeymir	35
11.1 Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“.....	36
11.2 Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“.....	36
11.3 Rúmið tekið úr notkun.....	36

12 Meðhöndlun	37
12.1 Mini-stjórnborð umönnunaraðila.....	37
12.1.1 Stöðvunarhnappur.....	38
12.1.2 Virkjar GO-hnapp.....	38
12.1.3 Stöðuhnappar.....	38
12.1.4 Læsing (aðeins útgáfa 2).....	38
12.2 Losun bakstoðar fyrir endurlifgun (valbúnaður).....	40
12.3 Neyðarlækkun bakstoðar.....	41
12.3.1 Lýsing á tengingu bakstoðar við stimpil rafhreyfis.....	41
12.3.2 Framkvæmd neyðarlækkunar bakstoðar.....	42
12.3.3 Aðferð við að tengja bakstoðina á ný við stimpil rafhreyfisins.....	43
12.4 Hliðargrindur.....	44
12.4.1 Stöður hliðargrinda.....	46
12.4.2 Opnanlegar hliðargrindur (valbúnaður).....	47
12.5 Hjólastýring og flutningur rúms.....	48
12.5.1 Stjórnstangir fyrir hjól.....	48
13 Búnaður	49
13.1 Grindur aukabúnaðar.....	49
14 Dýna	49
14.1 EffectaCare 20P og CliniCare 10P.....	49
14.2 Dýnunni snúid.....	49
14.3 Tæknilysing samhæfrar dýnu.....	50
14.4 Hreinsun og sóttgreinsun dýnu.....	51
14.4.1 Almennar leiðbeiningar.....	51
14.4.2 Reglubundin hreinsun og sóttgreinsun.....	52
14.4.3 Ítarleg hreinsun og sóttgreinsun.....	52
14.4.4 Dýnumiðja.....	52
15 Aukabúnaður	53
15.1 Samanfellanleg innrennslistöng.....	53
15.2 Lárétt festing fyrir súrefniskút.....	54
15.3 Kassi fyrir aukahluti.....	54
16 Þrif/sóttgreinsun	55
16.1 Öryggisleiðbeiningar fyrir þrif og sóttgreinsun á rúmi.....	56
16.2 Almennar leiðbeiningar fyrir þrif og sóttgreinsun.....	56
16.2.1 Dagleg þrif.....	56
16.2.2 Þrif milli sjúklinga.....	56
16.2.3 Heildarþrif / þrif fyrir fyrstu notkun.....	56
16.2.4 Vökvi sem hellist niður þurrkaður upp.....	56
16.2.5 Skemmdir á svampdýnu.....	56
16.3 Aðferðir við þrif og sóttgreinsun.....	57
17 Úrræðaleit	58
18 Viðhald	59
18.1 Reglulegt viðhald.....	59
18.2 Varahlutir.....	59
18.3 Tæknilegar öryggisprófanir.....	59
19 Förgun	60
19.1 Umhverfisvernd.....	60
19.2 Förgun.....	60
19.2.1 Innan Evrópu.....	60
19.2.2 Utan Evrópu.....	60
20 Ábyrgð	61
21 Staðlar og reglugerðir	61

1 Tákn og skilgreiningar

1.1 Viðvörðunartilkygningar

1.1.1 Tegundir viðvörðunartilkygninga

Viðvörðunartilkygningar eru aðgreindar eftir tegund hættu og eftirfarandi lykilorðum:

- ▶ **VARÚÐ** varar við hættu á eignatjóni.
- ▶ **VIÐVÖRUN** varar við hættu á meiðslum.
- ▶ **HÆTTA** varar við hættu á meiðslum sem dregið geta til dauða.

1.1.2 Uppsetning viðvörðunartilkygninga



VIÐVÖRUNARORÐ!
Tegund og uppruni hættu!
▶ Varúðarráðstafanir.

1.2 Leiðbeiningar

Uppsetning leiðbeininga:







- ▶ Framkvæmið þetta skref.
Niðurstaða, ef þörf krefur.

1.3 Listar












Uppsetning áhersluatriða:











- 1. stigs listi
 - 2. stigs listi
 - 3. stigs listi







1.4 Tákni á umbúðum

	<p>VIÐKVÆMT, MEÐHÖNDLIÐ MEÐ GÁT</p>
	<p>ÞESSI HLIÐ UPP</p>
	<p>HALDIÐ ÞURRU (HLÍFIÐ VIÐ RAKA)</p>
	<p>ENDURVINNSLUTÁKN FYRIR PAPPÍR</p>
	<p>EKKI NOTA TRILLU HÉR</p>
	<p>EKKI STAFLA UPP VIÐ GEYMSLU</p>











1.5 Tákni og merkimiðar á rúminu






	LESID notkunarleiðbeiningarnar
	VIÐVÖRUN
	HITAVÖRN SPENNUBREYTIS
	EINGÖNGU TIL NOTKUNAR INNANHÚSS
	VARNIR GEGN SLYSUM AF VÖLDUM RAFSTRAUMS - NYTJAHLOTIR AF GERÐ B
	ÖRYGGI EINANGRUNARSPENNIS, ALMENNAR UPPLÝSINGAR
	EVROPSKT SAMRÆMISMERKI
	LEIÐARATENGI FYRIR SPENNUJÖFNUN
	ÖRUGG HÁMARKSPYNGD
	HÁMARKSPYNGD SJÚKLINGS
	ÞYNGD RÚMS


	<p>FRAMLEIÐANDI</p>
	<p>FRAMLEIÐSLUDAGUR</p>
	<p>TILVÍSUNARNÚMÉR (VÖRUTEGUND FER EFTIR UPPSETNINGU)</p>
	<p>RÆÐNÚMÉR</p>
	<p>VIRKJUNARHNAPPUR (ÝTIÐ TIL AÐ VIRKJA STJÓRNBÚNAÐ)</p>
	<p>STÖÐVUNARHNAPPUR (ÝTIÐ TIL AÐ STÖÐVA STILLINGU RÚMS)</p>
	<p>WEEE-tákn (ENDURVINNIÐ SEM RAFEINDABÚNAÐARÚRGANG, FARGIÐ EKKI MEÐ HEIMLISSORPI)</p>
	<p>ENDURVINNSLUTÁKN</p>
	<p>MENGIÐ EKKI UMHVERFIÐ</p>
	<p>LÆKNINGATÆKI (SAMRÝMIST REGLUGERÐ UM LÆKNINGATÆKI)</p>

	<p>NOTIÐ DÝNU SEM FRAMLEIÐANDINN MÆLIR MED (AF VIÐEIGANDI STÆRÐ)</p>
	<p>LÝSING Á HEIMILAÐRI LENGÐ SJÚKLINGSINS</p>
	<p>EINKVÆMT AUÐKENNI TÆKIS (FYRIR LÆKNINGATÆKI)</p>
	<p>SJÚKRARÚM TIL AÐ STAÐSETJA SJÚKLING Í SJÚKRARÚMI</p>
	<p>HÁMARKSPYNGD FÆRANLEGS SJÚKRARÚMS (HÁMARKSPYNGD RÚMSINS ÁN SJÚKLINGS AUK ÖRUGGRAR VINNUHLEÐSLU)</p>
	<p>JARÐTENGING</p>


1.6 Tákn og merkimiðar á dýnunni

	<p>LESID NOTKUNARLEIÐBEININGARNAR</p>
	<p>CE-MERKING</p>
<p>BS 7175</p>  <p>5 MEDIUM HAZARD</p>	<p>YFIRBREIÐSLUR ERU ELDTRAUSTAR AÐ BS7175, ÍKVEIKJUVALDAR 0, 1 OG 5</p>
	<p>MÁ EKKI STRAUJA</p>
	<p>NOTIÐ EKKI FENÓL</p>
	<p>VINDIÐ EKKI</p>
	<p>SKOÐIÐ DÝNUHLÍFINA AÐ INNANVERÐU MEÐ REGLULEGU MILLIBILI MEÐ TILLITI TIL ÓHREININDA</p>
	<p>ÞVOIÐ Í ÞVOTTAVÉL VIÐ HÁMARK 71 °C Í 3 MÍNÚTUR</p>
	<p>NOTIÐ EKKI BLEIKIEFNI</p>
	<p>ÞURRHREINSUN (MEDALÖFLUG AÐFERÐ)</p>

	<p>SÓTTHREINSIÐ MEÐ LAUSN SEM INNIHELDUR INNAN VIÐ 1000 ppm AF KLÓR (SJÁ NOTKUNARLEIÐBEININGAR)</p>
	<p>SKOLIÐ MEÐ VATNI</p>
	<p>ÞURRKIÐ Í ÞURRKARA Á LÁGUM HITA (HÁMARK 60 °C)</p>
	<p>FÓTHLUTI DÝNU</p>
	<p>HANDÞVOIÐ MEÐ ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI (HITASTIG VATNSINS MÁ EKKI FARA YFIR 50 °C Í BYRJUN)</p>



Mynd Aðvörunarmerki: Ekki skilja barn eftir án eftirlits þegar höfðagafi eða fótagafi er fjarlægður!



Mynd Merkimiði með upplýsingum um heimilaða lengd sjúklingsins

1.7 Merkingar með raðnúmeri

Raðnúmerið á Tom 2 rúminu er vinstra megin á krossslánni við fótaendann. Raðmerkið inniheldur upplýsingar um heimilisfang framleiðanda, framleiðsludag (ár-mánuð-dag), tilvísunarnúmer vöru, raðnúmer vöru, (GTIN) vörunúmer í alþjóðaviðskiptum, einkvæma tækjauðkenning (UDI), tákn, þyngdarlýsingar og rafforskriftir.

1.8 Hljóðmerki (Tom 2 með PB43-stjórneiningu)

HLJÓÐ	MERKING
SAMFELLT HLJÓÐMERKI	ofhithun yfirstraumur á rafgeymi yfirálag á rafhreyfi
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI: 0,6 sek. hljóð / 2,6 sek. þögn	STÖÐVUNARVILLA (allir stöðvunarhnappar eru óvirkir)
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI: 0,1 sek. hljóðmerki / 3 sek. þögn	skipting vegna villu í vafningi spennubreytis (Brasilía)
HLJÓÐMERKI varir í 0,3 sek.	staðfesting stöðvun eða læst aðgerð valkvætt: hreyfing úr halla (Trendelenburg-legu, öfugri Trendelenburg-legu) yfir í lárétta stöðu
HLJÓÐMERKI varir í 0,5 sek.	lækkað í lægstu stöðu upphaf eða lok viðhaldsstillingar lyklaborðsvilla (staðsetning hindruð)
HLJÓÐMERKI varir í 3 sek.	kerfisvilla
ENDURTEKIÐ HLJÓÐMERKI í þrjár mínútur: 1,1 sek. hljóð/1,1 sek. þögn	Hemlahljóðmerki (aðeins gerðir með hemlahljóðmerki)

1.9 Hljóðmerki (Tom 2 með PB11-stjórneiningu)



Tom 2-rúm með PB11-stjórneiningu gefa ekki frá sér hljóðmerki.

1.10 Sjónmerki

1.10.1 LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn (Mini-stjórnborð umönnunaraðila)

LED-LJÓS SEM SÝNIR TENGINGU VIÐ RAFMAGN	MERKING
	
logar	tengt við rafveitu
blikkar: logar í 0,6 sek./slökkt í 0,6 sek.	lyklaborðsvilla (blikkar öfugt til að læsa LED-ljósi) villa (fyrsta bilun)
blikkar: logar í 0,1 sek./slökkt í 0,1 sek.	viðhaldsstilling
lýsir ekki	úr sambandi við rafmagn villa við skipti spennubreytis

1.10.2 Gaumljós rafgeymis (Mini-stjórnborð umönnunaraðila)

GAUMLJÓS RAFGEYMIS	MERKING
 	
logar	rafgeymir aftengdur eða bilaður
blikkar: logar í 1,6 sek./slökkt í 0,2 sek.	rafgeymir er næstum tómur
blikkar: logar í 0,1 sek./slökkt í 0,1 sek.	rafgeymir er tómur
blikkar: logar í 0,2 sek./slökkt í 1,6 sek.	rafgeymir hleður
lýsir ekki	rafgeymir er hlaðinn

1.10.3 LED-ljós sem sýnir læsingu (Mini-stjórnborð umönnunaraðila)

 LED-ljós sem sýnir læsingu	SJÓN-MERKI	logar	Tvenns konar blikkmynstur: 1) blikkar: logar í 0,2 sek./slökkt í 0,9 sek. 2) blikkar: logar í 0,1 sek./slökkt í 0,1 sek.	lýsir ekki
LED-ljós sem sýnir læsingu bakstoðar	læst	1) læsingarstillingar - læsing ekki valin 2) læsingarstillingar - valin læsing	ekki læst	
LED-ljós sem sýnir læsingu á hæð rúms, Trendelenburg-legu og öflugri Trendelenburg-legu	læst	1) læsingarstillingar - læsing ekki valin 2) læsingarstillingar - valin læsing	ekki læst	

1.11 Náttljós (Tom 2 með PB43-stjórneiningu)

Tom 2-rúmið er með ljós á undirvagni. Næturljósið lýsir sjúklingnum eða starfsfólki sjúkrahússins við litla birtu eða þegar slökkt er í herberginu. Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig sett upp.

Rúmið er með þriggja þrepa lýsingu:

1. Minnkað birtustig
2. Hæsta birtustig
3. Slökkt er á lýsingu

Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig sett upp.

Þegar ýtt er á virkjunarhnappinn:

- ▶ Ljósinn við rúmið lýsa með hæsta birtustigi í 10 mínútur. Eftir 10 mínútur er dregið úr birtustigi ljósanna við rúmið. Hæsta birtustig helst þar til virkjuninni lýkur og rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn.

Ef ýtt er á einhvern hnapp:

- ▶ Ljósinn við rúmið lýsa með hæsta birtustigi í nokkrar sekúndur. Þegar búið er að taka rúmið úr sambandi við rafmagn kviknar á lýsingunni í nokkrar sekúndur þegar stutt er á einhvern hnapp.

Slökkt á ljósum við rúmið:

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn. Þegar búið er að taka rúmið úr sambandi við rafmagn kviknar á lýsingunni í nokkrar sekúndur.

1.12 Náttljós (Tom 2 með PB11 stjórneiningu)

Tom 2 er búið ljósum á undirvagni. Næturljósið lýsir sjúklingnum eða starfsfólki sjúkrahússins við litla birtu eða þegar ljós eru slökkt í herberginu. Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig stillt.

Rúmið er með þriggja þrepa lýsingu:

1. Minnkað birtustig
2. Hæsta birtustig
3. Slökkt er á lýsingu

Eftir að kveikt hefur verið á rúminu er minnkað birtustig sett upp.

Þegar ýtt er á virkjunarhnappinn:

- ▶ Ljósinn við rúmið lýsa með hæsta birtustigi í 3 mínútur. Eftir 3 mínútur er dregið úr birtustigi ljósanna við rúmið. Hæsta birtustig helst þar til virkjuninni lýkur og rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn.

Ef ýtt er á einhvern hnapp:

- ▶ Ljósinn við rúmið lýsa með hæsta birtustigi í nokkrar sekúndur. Þegar búið er að taka rúmið úr sambandi við rafmagn kviknar á lýsingunni í nokkrar sekúndur þegar stutt er á einhvern hnapp.

Slökkt á ljósum við rúmið:

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn. Þegar búið er að taka rúmið úr sambandi við rafmagn kviknar á lýsingunni í nokkrar sekúndur.

1.13 Skilgreiningar

Grunnstilling á rúmi	samsetning samkvæmt verðlista, án dýnu
Þyngd rúms	Gildið fer eftir uppsetningu vörunnar, aukabúnaðar eða breytingum af hálfu viðskiptavinar.
Fríhæð undirvagns	hæð frá gólfi að lægsta punkti undirvagnsins á milli hjólanna, til meðferðar á aukabúnaði undir rúmi í venjulegri stöðu þegar hemillinn er á
Vinnuferli	vinnuferli mótorsins: tímabil virkni/tímabil hvíldar
Ergoframe	Ergoframe er hreyfanlega kerfið í stoðgrind dýnu. Hægt er að stilla það til að minnka þrýsting á kvið og mjaðmir sjúklings og núning á bak og fætur sjúklings.
Hámarksþyngd sjúklings	Hámarksþyngd sjúklings fer eftir notkunarumhverfi samkvæmt EN 50637. Minnkið örugga vinnuþyngd um 65 kg fyrir notkunarumhverfi 1 (bráða-móttaka/gjörgæsla) og 2 (neyðarumönnun). Minnkið örugga vinnuþyngd um 35 kg fyrir notkunarumhverfi 3 (langtímaumönnun) og 5 (göngudeild).
Örugg vinnuþyngd	Hæsta þyngd sem má hvíla á dýnunni. Örugg vinnuþyngd er heildartalan af þyngd: – sjúklingsins – dýnunnar – aukahlutanna á sjúkrarúminu (eingöngu ef sjúkrarúmið heldur þeim uppi) og – þyngdarinnar sem aukahlutirnir bera (fyrir utan þyngd sjúklings).
Hæð hliðargrindar	hæð efri þverslárinnar eða brúna hliðargrindanna (ekki hæsti punkturinn á stjórnbúnaði hliðargrindar) frá legustað sjúklingsins
Venjuleg staða rúms	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hæð leguflatar sjúklings miðað við gólf er 400 mm ■ Stoðgrind dýnunnar, þ.m.t. stakir íhlutir hennar, verður að vera í láréttri stöðu (0°). ■ Hliðargrindurnar eru alltaf læstar í efri stöðunni. ■ Innbyggð framlenging er í grunnstöðu.
Fullorðinn	sjúklingur sem er 146 cm á hæð eða hærri, 40 kg eða þyngri og með líkamspýngdarstuðul (BMI) sem er 17 eða hærri (samkvæmt EN 50637).
Barn	sjúklingur sem er 155 cm á hæð eða lægri og 70 kg eða léttari
Notkunarumhverfi 1	gjörgæsla/bráðalækningar á sjúkrahúsi þar sem umönnun allan sólarhringinn og stöðugt eftirlit er nauðsynlegt og útvegur á grunnendurlífgunarkerfi/-búnaði sem notaður er við lækningar er nauðsynlegur til að viðhalda eða bæta lífsmörk sjúklingsins
Notkunarumhverfi 2	gjörgæsla sem er veitt á sjúkrahúsi eða annarri lækningastofnun þar sem handleiðsla lækni og eftirlit er nauðsynlegt og lækningatæki notuð við aðgerðir eru oft látin í té til að viðhalda eða bæta ástand sjúklingsins
Notkunarumhverfi 3	umönnun í lengri tíma á sjúkrahúsi þar sem handleiðsla lækni og eftirlit er veitt eftir þörfum og lækningatæki notuð við aðgerðir kunna að vera látin í té til að viðhalda eða bæta ástand sjúklingsins
Hámarksþyngd sjúkrarúms á hjólum	Heildartala tóms rúms og öruggar vinnuþyngdar.

1.14 Skammstafanir

AC (~)	Riðstraumur
ACP	Stjórnborð umönnunaraðila
CE	Evrópsk samræmismörking
CPR	Endurlífgun
dBA	Hljóðstyrkseining
DC (---)	Jafnstraumur
CUC	Skilgreiningarnúmer
EMC	Rafsegulsviðssamhæfi
FET	Sviðshrifatransistor
HF	Há tíðni
HPL	Efni sem límt hefur verið saman undir miklum þrýstingi
HW	Vélbúnaður
ICU	Gjörgæsludeild
INT.	Vinnuferli
IP	Vörn gegn innferð
IV	Í bláæð
fótrofa	Ljósdióður
ME	Rafmagnsbúnaður til lækninga
ON (kveikt)	Virkjun
OFF (slökkt)	Gert óvirkt
ppm	milljónarhluti, milljónasti hluti (1000 ppm = 0,1%)
REF	Tilvísunarnúmer (vöruhegund fer eftir uppsetningu)
SCU	Stjórneining (virk dýna)
SN	Raðnúmer
SW	Hugbúnaður
SWL	Örugg hámarksþyngd
UDI	Einkvæmt auðkenni tækis (fyrir lækningatæki)
USB	USB-tengibraut
WEEE	Förgun rafmagns- og rafeindabúnaðar

2 Öryggisfyrirmæli



VIÐVÖRUN!

Tom 2-rúmið skal vera í lægstu stöðu þegar sjúklingurinn er eftirlitslaus, til að draga úr hættu á meiðslum vegna falls!



VIÐVÖRUN!

Hliðargrindurnar á Tom 2-rúminu skulu vera uppi til að draga úr hættunni á því að sjúklingurinn renni til eða rúlli af dýnunni fyrir slysi!



VIÐVÖRUN!

Ósamhæfar hliðargrindur og dýnur geta valdið hættu á að lenda í sjálfheldu!



VIÐVÖRUN!

Röng meðhöndlun á rafmagnssnúru, t.d. með því að snúa upp á hana, klippa eða skemma á annan hátt, getur valdið hættu!



VIÐVÖRUN!

Þegar snúrur eru lagðar frá öðrum búnaði í Tom 2-rúminu skal forðast að troða þeim á milli ihluta Tom 2-rúmsins!



VIÐVÖRUN!

Ekki skal nota Tom 2-rúmið ásamt lyftum eða lyftibúnaði!



VIÐVÖRUN!

Til að forðast hættu á raflosti ætti aðeins að tengja þennan búnað við afgangjafa með jarðtengingu.



VIÐVÖRUN!

Við tiltekna skoðanir eða meðferðir gæti verið töluverð hættu á gagnkvæmri truflun milli rafmagnslækningatækja.



VIÐVÖRUN!

Ekki er leyfilegt að breyta þessum búnaði á nokkurn hátt.



VIÐVÖRUN!

Ekki má breyta þessum búnaði án leyfis framleiðanda.



VIÐVÖRUN!

Ef breytingar eru gerðar á búnaðinum verður að framkvæma viðeigandi skoðun og prófanir til að tryggja áframhaldandi örugga notkun búnaðarins.



VIÐVÖRUN!

Ekki má tengja aukafjöltengi eða framlengingarsnúru við lækningarafkerfið.



VIÐVÖRUN!

Hætta getur skapast ef notaðar eru ósamhæfar dýnur.

**HÆTTA!**

Hætta á meiðslum eða dauða vegna notkunar á röngum búnaði!
Ef breytingar eru gerðar á rúminu eða íhlutum þess skal það einungis gert með samþykki frá framleiðanda.

**VIÐVÖRUN!**

Tilkynna skal öll alvarleg atvik sem upp koma í tengslum við notkun búnaðarins til framleiðanda og lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem notandi og/eða sjúklingur er staðsettur!

**VIÐVÖRUN!**

Aðeins starfsfólk með rétt verkfæri má skipta um öryggi og aflgjafa!

**VIÐVÖRUN!**

Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar í súrefnisauðguðu umhverfi!

**VIÐVÖRUN!**

Lækningatækið er ekki ætlað til notkunar með eldfimum efnum!

**VIÐVÖRUN!**

Þetta lækningatæki er ekki færanlegt rafmagnslækningatæki!

**VIÐVÖRUN!**

Gætið þess að ekki sé farið yfir mörk vinnuferlis (KVEIKT í 2 mín./SLÖKKT í 18 mín.) þegar rúmið er stillt!

**VIÐVÖRUN!**

Tom 2 sjúkrarúmið er fyrir börn!

**VIÐVÖRUN!**

Búnaður sem liggur nálægt við eða er festur við Tom 2 sjúkrarúmið getur valdið hættu, t.d. að einhver/eitthvað festist eða velti um koll.

**VIÐVÖRUN!**

Nota skal Tom 2 sjúkrarúmið til að flytja sjúklinginn í ökutæki af hvaða gerð sem er.

**VIÐVÖRUN!**

Tente Motion hjól með 10 cm þvermál eru ekki tluð til að flytja sjúkling í Tom 2 rúminu!

**VIÐVÖRUN!**

Tom 2 rúmið verður að vera í lægstu stöðu og lárétt með flata stoðgrind dýnu á meðan verið er að færa rúmið!

**VIÐVÖRUN!**

Ekki má þjónusta eða gera við neinn hluta Tom 2 ME lækningabúnaðarins á meðan sjúklingur notar hann!



VIÐVÖRUN!

Ekki skilja barn eftir án eftirlits þegar höfðagafli eða fótagafli er fjarlægður!



VIÐVÖRUN!

Þegar sjúklingur sem er hærri en 100 cm er í rúminu verða hliðargrindur að vera stilltar á miðjustöðu! Ekki má hafa hliðargrindurnar í efstu stöðu til að koma í veg fyrir að sjúklingurinn fari úr rúminu, vegna hættu á að sjúklingurinn detti yfir hliðargrindurnar!



VIÐVÖRUN!

Ekki má nota Tom rúm með öðrum hjólum en Tente Integral 150 mm til að flytja rúmið á milli herbergja! Ef hjól með minna þvermál eru notuð með rúminu er hættu á að rúmið velti þegar farið er yfir þröskulda eða svipaðar hindranir þegar rúmið er í efstu stöðu!

2.1 Öryggisfyrirmæli

- ▶ Nauðsynlegt er að lesa notkunarleiðbeiningar áður en rúmið er notað.
- ▶ Fylgið leiðbeiningunum vandlega.
- ▶ Notið rúmið aðeins í upprunalegu ástandi.
- ▶ Athugið virkni rúmsins daglega eða við hver vaktaskipti.
- ▶ Notið rúmið eingöngu þegar það er tengt við rétt orkuveitukerfi.
- ▶ Gætið þess að eingöngu hæft starfsfólk sem hefur hlotið þjálfun samkvæmt notkunarleiðbeiningunum stjórn rúminu.
- ▶ Gætið þess að rúminu sé aðeins komið fyrir og það flutt á hörðu og sléttu gólfi, eins og lýst er í kaflanum „Flutningur“.
- ▶ Skiptið um skemmda hluti samstundis með upprunalegum varahlutum.
- ▶ Gætið þess að viðhald og uppsetning sé einungis í höndum hæfs starfsfólks sem hefur fengið þjálfun hjá framleiðanda.
- ▶ Gætið þess að þyngd eða álag fari ekki yfir örugga hámarksþyngd.
- ▶ Gætið þess að aðeins einn sjúklingur noti rúmið í senn.
- ▶ Forðist meiðsli og gætið þess að kremjast ekki við notkun hreyfanlegra íhluta.
- ▶ Við notkun á lyftistöngum eða innrennslisstöngum skal gæta þess að engar skemmdir verði á búnaði þegar rúmið er fært til eða þegar það er stillt.
- ▶ Gætið þess að læsa hjólunum þegar ekki er verið að færa rúmið til, óháð því hvort sjúklingur er í rúminu eða ekki.
- ▶ Gætið þess að aðeins heilbrigðisstarfsfólk hreyfi til hliðargrindurnar.
- ▶ Aldrei skal nota rúmið á svæðum þar sem sprengihætta er fyrir hendi.
- ▶ Snertið aldrei rafmagnsklóna með blautum höndum.
- ▶ Togið ávallt í rafmagnsklóna þegar taka á snúrana úr sambandi.
- ▶ Komið rafmagnssnúrunni þannig fyrir að engar lykkjur séu á henni eða snúði sé upp á hana, verjið snúrana fyrir sliti.
- ▶ Röng meðferð á rafmagnssnúru getur skapað hættu á raflosti eða öðrum alvarlegum meiðslum, eða skemmdum á rúminu.
- ▶ Gætið þess að ekki sé farið yfir tilgreinda notkunarlotu (virkur tími) (sjá INT. á merkimiða vöru).
- ▶ Gætið þess að engar hindranir séu í vegi fyrir hreyfanlegum hlutum rúmsins.
- ▶ Notið eingöngu upprunalegan aukabúnað og dýnur frá framleiðanda til að koma í veg fyrir bilanir.
- ▶ Stílið hæð rúmsins við flutning til að auðvelt sé að komast framhjá hugsanlegum hindrunum.
- ▶ Ef breytingar eru gerðar á rúminu eða í hlutum þess skal það einungis gert með samþykki frá framleiðanda.
- ▶ Ef ekki er farið eftir leiðbeiningum í þessari handbók er hættu á meiðslum eða eignatjóni.
- ▶ Þegar rúmið er stillt eða hliðargrindur settar niður skal gæta þess að engin hættu sé á að sjúklingur klemmist eða meiðist á annan hátt (t.d. milli hliðargrinda og stoðgrindar dýnu, milli hreyfanlegra hluta o.s.frv.).
- ▶ Lokið línkassanum áður en öflug Trendelenburg-lega er notuð.
- ▶ Ekki má setja aukabúnað (t.d. aukahluti, innrennslislöngur, rafmagnssnúrun) á hliðargrindur og hreyfanlega hluti eða milli þeirra. Eða milli stoðgrindar dýnunnar og undirvagns rúmsins.
- ▶ Gætið að slyshættu þegar hliðargrindur eru settar niður.
- ▶ Varist meiðsli þegar hliðargrindur eru settar niður.
- ▶ Gætið þess að ekki sé hættu á að skemma Mini-stjórnborð umönnunaraðila.
- ▶ Ekki skal setja festingu fyrir súrefniskút beint undir stoðgrind dýnu, því þá er hættu á að högg komi á festinguna.
- ▶ Notið aðeins festingu fyrir súrefniskút sem samþykkt er af framleiðanda.
- ▶ Heilbrigðisstarfsfólk ber fulla ábyrgð á stillingum rúmsins sem og því að skilja sjúkling eftir án eftirlits með hliðsjón af mati á líkamlegu og andlegu ástandi sjúklingsins.

3 Fyrirhuguð notkun (Tom 2)

Fyrirhuguð notkun er við sjúkráðsmynd á barnadeildum, sem felur einkum í sér alla eftirfarandi þætti:

- ▶ Stilling á tilteknum stöðum í forvarnarskyni, fyrir venjubundna hjúkrun, meðferð, hreyfingu, sjúkraþjálfun, skoðunarstaða, staða fyrir svefn og hvíld. Þessum stöðum, ásamt mögulegum meðferðarniðurstöðum þeirra og ávinningi, er lýst frekar í klínísku mati á búnaðinum.
- ▶ Tryggið sjúklingnum öruggt umhverfi meðan aðgerðir standa yfir. Klíníska matið felur í sér sérstakar kröfur um öryggi sjúklunga, þar með talið mat á hlutfalli ávinnings/áhættu. Fjallað er um viðkomandi öryggismál í áhættustjórnunarskýrslunni.
- ▶ Sjúklingur fluttur í rúmi úr herbergi sjúklings milli svæða innanhúss.
- ▶ Að sjá umönnunaraðilum fyrir viðeigandi vinnuskilyrðum til að framkvæma venjubundin og sértæk verk meðan á sjúkráðsmynd sjúklingsins stendur.

3.1 Notkunarumhverfi – uppfyllir skilyrði staðalsins EN 50637 varðandi barnalækningar

Hönnun Tom 2 sjúkrarúmsins gefur tafarlaust og óhindrað aðgengi að sjúklingnum frá höfðagafli sjúkrarúmsins við neyðartilvik í notkunarumhverfi 1, 2 og 3. Stilla verður Tom 2 sérstaklega fyrir notkunarumhverfi 1 og 2 með höfðagafli og fótagafli sem hægt er að fjarlægja. Hægt er að stilla Tom 2 sjúkrarúmið sérstaklega fyrir önnur notkunarumhverfi, bæði með höfðagafli og fótagafli sem hægt er að fjarlægja og sem ekki er hægt að fjarlægja.

3.2 Frábendingar

- ▶ Lækningatækið er ekki ætlað fyrir fullorðna sjúklinga
- ▶ Lækningatækið er ekki ætlað fyrir fyrirbura
- ▶ Tilteknar stöður henta ekki fyrir sértækar greiningar/sjúkdómsástand (t.d. sjúklingar með verulega aukinn þrýsting innan höfuðkúpu og Trendelenburg-lega). Mat starfsfólks með sérfræðipækkingu/hjúkrunarmat þarf að fara fram við öll stök tilvik frábendinga

3.3 Stjórnandi

- ▶ Umönnunaraðili

4 Röng notkun

Rúmið hentar ekki fyrir fullorðna.

- ▶ Rúmið hentar ekki fyrir notkun í heimahúsum.
- ▶ Gætið þess að ekki sé farið yfir örugga hámarksþyngd.

ATHUGIÐ Hafið samband við LINET® til að fá frekari upplýsingar varðandi aðra notkun en þá sem tilgreind er í kaflanum „Fyrirhuguð notkun“ hér á undan.

LINET® leggur mikið upp úr rannsóknum, hönnun og gæðum, og því eru vörur frá LINET® ávallt hágæðavörur sem henta til þeirrar notkunar sem fyrirhuguð er. Samt sem áður tekur LINET® enga ábyrgð á skemmdum á vörunni eða meiðslum hjá sjúklingum, starfsfólki eða öðrum einstaklingum sem hljóttast af eftirfarandi:

- ▶ Ekki er farið eftir leiðbeiningum í handbókinni, þar með talið viðvörunartilkyningum.
- ▶ Varan er notuð í tilgangi öðrum en þeim sem hún er ætluð fyrir, eins og lýst er í viðeigandi fylgiskjöllum frá LINET® (sjá „Fyrirhuguð notkun“).

5 Vörulýsing


5.1 Tom 2 (1K4) – Útdraganlegar hliðargrindur með föstum höfða- og fótagaflum



Mynd Yfirlit yfir Tom 2-rúm með útdraganlegum hliðargrindum og föstum höfða- og fótagaflum

1. Fótagafl
2. Útdraganleg hliðargrind
3. Losunarbúnaður hliðargrindar
4. Höfðagafl
5. Högghlíf
6. Stjórnstöng fyrir endurlífgunarstillingu – til að fella niður bakstoð (aukabúnaður)
7. Hlíf á undirvagni
8. Stoðgrind dýnu
9. Festing fyrir framlengingu eða aukabúnað
10. Hjól
11. Stjórnstöng hjóla (rautt - hemla, grænt - aka)
12. Kassi fyrir lín (bleiur/leikföng)
13. Mini-stjórnborð umönnunaraðila

5.2 Tom 2 (1K4) – Útdraganlegar hliðargrindur með höfða- og fótagaflum sem hægt er að fjarlægja



Mynd Yfirlit yfir Tom 2-rúm með útdraganlegum hliðargrindum og höfða- og fótagaflum sem hægt er að fjarlægja

1. Fótagafl sem hægt er að fjarlægja
2. Útdraganleg hliðargrind
3. Losunarbúnaður hliðargrindar
4. Höfðagafl sem hægt er að fjarlægja
5. Högghlíf
6. Stjórnstöng fyrir endurlífgunarstillingu – til að fella niður bakstoð (aukabúnaður)
7. Hlíf á undirvagni
8. Stoðgrind dýnu
9. Festing fyrir framlengingu eða aukabúnað
10. Hjól
11. Stjórnstöng hjóla (rautt - hemla, grænt - aka)
12. Kassi fyrir lín (bleiur/leikföng)
13. Mini-stjórnborð umönnunaraðila
14. Læsing fótagafls

6 Tæknilýsing

Öll tæknigögn eru mæld gögn og eru háð vikmörkum við smíði og framleiðslu.

6.1 Nytjahlutir af gerð B

Allir íhlutir rúmsins (og aukabúnaður) sem sjúklingur nær til eru nytjahlutir af gerð B.

Listi yfir nytjahluti af gerð B:

- Hliðargrindur
- Höfðagafi og fótagafi
- Stoðgrind dýnu

6.2 Tæknilýsingar (Tom 2)

Breyta	Gildi
Ytri mál rúmsins (lengd x breidd)	151 cm x 83 cm
Lengd að innanverðu á milli höfðagafis og fótagafis	137 cm
Mál dýnu (lengd x breidd)	137 cm x 70 cm
Hágmarkshæð dýnu	10 cm
Mál hliðargrinda (lengd x hæð)	136,5 cm x 90 cm
Hæð hliðargrinda fyrir ofan stoðgrind dýnu (án dýnu)	80 cm
Fjarlægð milli hliðarsláa	4,1 cm
Þvermál hjóla (Tente Motion)	10 cm
Þvermál hjóla (Tente Integral)	12,5 cm
Þvermál hjóla (Tente Linea Double)	12,5 cm
Þvermál hjóla (Tente Integral 150 mm hjól)	15 cm
Hámarksfríhæð undir rúminu (með Tente Motion hjólum)	13,9 cm
Hámarksfríhæð undir rúminu (með Tente Integral hjólum)	16,7 cm
Hámarksfríhæð undir rúminu (með Tente Linea Double hjólum)	13 cm
Hámarksfríhæð undir rúminu (með Tente Integral 150 mm hjólum)	14,7 cm
Hæðarstilling stoðgrindar dýnu (með Tente Motion hjólum)	58,3 cm – 83,3 cm
Hæðarstilling stoðgrindar dýnu (með Tente Integral hjólum)	61,4 cm – 86,4 cm
Hæðarstilling stoðgrindar dýnu (með Tente Linea Double hjólum)	58,7 cm – 83,7 cm
Hæðarstilling stoðgrindar dýnu (með Tente Integral 150 mm hjólum)	64,1 cm – 89,2 cm
Mesti halli bakstoðar	41°
Sjálfvirk hreyfing aftur á bak	12,5 cm / 0 cm
Halli Trendelenburg-legu	15°
Halli öfugrar Trendelenburg-legu	15°
Sætishalli	140°
Þyngd rúms án dýnu og án aukabúnaðar	120 kg
Hámarksþyngd sjúkrarúms	135 kg
Þyngd færanlegs sjúkrarúms (þyngd rúms án sjúklings auk öruggrar vinnuhleðslu)	200 kg
Örugg vinnuþyngd	
- Sjúklingur	80 kg
- Dýna	50 kg
- Fylgihlutur	4,5 kg
- Þyngd fylgihlutar	2,7 kg
	20 kg
Hámarksþyngd sjúklings	50 kg
Höfðagafi eða fótagafi fjarlægður	4,5 kg
Hljóðþrýstingsstig	63 dBA

6.3 Umhverfisskilyrði

Notkunarskilyrði	
Umhverfishiti Rakastig Loftþrýstingur	10 °C – 40 °C 30% – 75% 795 hPa – 1060 hPa
Geymslu- og flutningsskilyrði	
Umhverfishiti Rakastig Loftþrýstingur	-20°C – 50°C 20% – 90% (án rakapéttingar) 795 hPa – 1060 hPa

6.4 Tæknilýsing rafkerfis (LINET-stjórnening)

Breyta	Gildi
Inntaksspenna Útgáfa 1 Útgáfa 2	230V~, 50/60 Hz 110-127V~, 60 Hz or 220V~, 50/60 Hz
Hámarksafllinntak	370 VA
Vörn gegn innferð	IP X4
Öryggisflokkur	Flokkur I (með nytjahlutum af gerð B)
Vinnuferli rafmagnsmótors	hám. kveikt í 2 mínútur, slökkt í 18 mínútur
Rafgeymir Vari rafgeymis	Pb ACCU 2 x 12V / 1,2 Ah 1x 15A F 32V
Var stjórneningar Útgáfa 1 Útgáfa 2	2x T1.6A L 250V fyrir 230V útgáfu 2x T1.6A L 250V, 2x T3.15A L 250V

ATHUGIÐ Samkvæmt beiðni getur LINET® afhent sjúkrarúm með rafkerfi sem uppfyllir staðla á hverju svæði fyrir sig (með sérstílltri spennu, ólíkum gerðum af rafmagnsklóm).

6.5 Rafsegulviðssamhæfi

Rúmið er ætlað sjúkrarúsum, að undanskildum stöðum sem eru nálægt virkum hátíðniskurðlækningabúnaði og herbergjum með lækningabúnaði fyrir segulómum sem varin eru gegn fjarskiptabylgjum, þar sem miklar rafsegultruflanir eru til staðar.

Rúmið hefur ekkert áskilið nothæfi.



VIÐVÖRUN!

Forðast skal notkun þessa tækis nálægt eða í stæðu með öðrum tækjum, þar sem það truflað virkni þess. Ef ekki er hægt að komast hjá slíkri notkun skal fylgjast með tækinu og öðrum búnaði til að tryggja rétta virkni.

Listi yfir snúrur sem notaðar eru:

1. Rafmagnssnúra, að hámarki 6 m á lengd



VIÐVÖRUN!

Notkun aukahluta, spennubreyta og annarra snúra, annað en það sem framleiðandi þessa rúms hefur tilgreint og útvegað, gæti leitt til aukinnar rafsegulgeislunar eða minnkað rafsegulónæmi rúmsins og valdið því að rúmið virki ekki sem skyldi.



VIÐVÖRUN!

Færanlegan fjarskiptabúnað (þar á meðal búnað eins og loftnetssnúrur og ytri loftnet) ætti ekki að nota í minna en 30 cm (12 to.) fjarlægð frá sérhverjum hluta Tom 2-rúmsins, þar með taldar snúrur sem framleiðandi tilgreinir. Að öðrum kosti kunna afköst rúmsins að skerðast.



VIÐVÖRUN!

EKKI MÁ Hafa of mikla þyngd á rúminu (SWL), hafið vinnuferli (INT.) í huga og takið tillit til leiðbeininga í kafla 18 (Viðhald) til að unnt sé að tryggja grunnöryggi hvað varðar rafsegultruflanir allan tímann sem rúmið er í notkun.

6.5.1 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulgeislun

Útgeislunarpróf	Samhæfi
Útgeislun fjarskiptatíðni CISPR 11	Hópur 1
Útgeislun fjarskiptatíðni CISPR 11	Flokkur B
Útgeislun yfirsveiflu IEC 61000-3-2	Flokkur A
Spennusveifla/útgeislun flökts IEC 61000-3-3	Samræmist

6.5.2 Leiðbeiningar framleiðanda - rafsegulnæmi

Ónæmisprófanir	Samræmisstig
Rafstöðuafhleðsla (ESD) IEC 61000-4-2	±8 kV fyrir tengilosun ±15 kV fyrir losun í lofti
Geisluð fjarskiptatíðni IEC 61000-4-3	3 V/m 80 MHz – 2,7 GHz 80% AM við 1 kHz
Fjarlægð frá samskiptabúnaði sem sendir frá sér þráðlausar útvarpsbylgjur IEC 61000-4-3	Sjá töflu 1.
Svipulir rafstraumar og högg IEC 61000-4-4	± 2 kV fyrir rafmagnssnúru endurtekningartíðni 100 kHz
Spennuhnykkur IEC 61000-4-5	±1 kV lína-í-línu ±2 kV lína-í-jörð
Fjarskiptatíðni með leiðingu IEC 61000-4-6	3 V (0,15 MHz – 80 MHz) 6 V innan ISM-tíðnibila á bilinu 0,15 MHz til 80 MHz 80% AM við 1 kHz
Segulsvið raforkutíðni (50/60 Hz) IEC 61000-4-8	30 A/m
Spennufall, rafmagnsleysi í stutta stund í rafveitukerfi IEC 61000-4-11	0% UT; 0,5 lotur Við 0°, 45°, 90°, 135°, 180°, 225°, 270° 315° 0% UT; 1 lota og 70% UT; 25/30 lotur Einfasi: við 0° 0% UT; 250/300 lotur

Tafla 1 - FJARLÆGÐ frá samskiptabúnaði sem sendir frá sér þráðlausar útvarpsbylgjur

Prófunartíðni (MHz)	Tíðnibil (MHz)	Þjónusta	Mótun	Ónæmisprófunarstig V/m
385	380 - 390	TETRA 400	Púlsmótun 18 Hz	27
450	430 - 470	GMRS 460, FRS 460	FM ± 5 kHz frávik 1 kHz sínus	28
710 745 780	704 - 787	LTE-tíðnibil 13, 17	Púlsmótun 217 Hz	9
810 870 930	800 - 960	GSM 800/900, TETRA 800, iDEN 820, CDMA 850, LTE-tíðnibil 5	Púlsmótun 18 Hz	28
+1 720 +1 845 +1 970	1 700 - 1 990	GSM 1800; CDMA 1900; GSM 1900; DECT; LTE tíðnibil 1, 3, 4, 25; UMTS	Púlsmótun 217 Hz	28
+2 450	2 400 - 2 570	Bluetooth, WLAN, 802.11 b/g/n, RFID 2450, LTE-tíðnibil 7	Púlsmótun 217 Hz	28
+5 240 +5 500 +5 785	5 100 - 5 800	WLAN 802,11 a/n	Púlsmótun 217 Hz	9

ATHUGIÐ Engin frávik eru til staðar frá kröfum IEC 60601-1-2, útg. 4

ATHUGIÐ Ekki er vitað um aðrar ráðstafanir til að viðhalda öryggi miðað við rafsegulsviðssamhæfi.

7 Notkunar- og geymsluskilyrði

Ekki má nota og geyma rúmið á svæðum innanhúss þar sem:

- Hætta er á sprengingu.
- Eldfim svæfingalyf eru til staðar.

Rúmið er ætlað til notkunar á sjúkrastofum. Því þarf raflagnabúnaður að uppfylla staðbundnar kröfur sem liggja til grundvallar raflögnum.

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn við sérstakar aðstæður (t.d. við jarðskjálfta, í þrumuveðri).

8 Afhending og gerðir rúma

8.1 Afhending

Afhending:

Rúmið er afhent fullsamsett. Við móttöku skal ganga úr skugga um að sendingin sé rétt og hafi verið afhent að fullu eins og tilgreint er á afhendingarseðli. Látið flutningafyrirtækið og birgja umsvifalaust vita um alla galla eða skemmdir, bæði munnlega og skriflega, eða skrifið athugasemdir á afhendingarseðilinn.

8.2 Útgáfur rúms

Eiginleikar – Tom 2 af gerð 1K4 (sjá gerðarnúmer á vörumerkingu):

- Stjórneining
 - PB43
 - PB11
- Stoðgrind dýnu
 - Tvískipt stoðgrind dýnu með plasthlutum
- Hliðargrindur
 - Útdraganlegar hliðargrindur
- Höfðagafi og fótagafi
 - Höfðagafi og fótagafi úr pólýkarbónati sem hægt er að fjarlægja
 - Höfðagafi og fótagafi úr pólýkarbónati, með skreytingu, sem hægt er að fjarlægja
 - Höfðagafi og fótagafi úr pólýkarbónati sem ekki er hægt að fjarlægja
 - Höfðagafi og fótagafi úr pólýkarbónati, með skreytingu, sem ekki er hægt að fjarlægja
- Hjól
 - 100 mm „Tente Motion“-hjól með stöku hemlakerfi
 - 125 mm „Tente Integral“-hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 125 mm Tente Linea Double hjól með miðlægu hemlakerfi
 - 150 mm „Tente Integral“-hjól með miðlægu hemlakerfi
- Stjórnbúnaður
 - Mini-stjórnborð umönnunaraðila
- Annað
 - Kassi fyrir lín (bleiur/leikföng)
 - Par af grindum fyrir aukabúnað
 - Aflæsing bakstoðar fyrir endurlífgun
 - Innbyggð innrennslisstöng við höfðalag
- Litir dufthúðunar
 - RAL 9002 (hvítur) með pastelbláum plasthlutum
 - RAL 9002 (hvítur) með pastelgrænum plasthlutum

9 Tekið í notkun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að rúmið sé ekki í sambandi við rafmagn áður en það er tekið í notkun, þegar það er tekið úr notkun og við viðhaldsvinnu.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst áður en rúmið er tekið í notkun, þegar það er tekið úr notkun og við viðhaldsvinnu.



VARÚÐ!

Hugsanlegt eignatjón ef tekið í notkun með röngum hætti!

- ▶ Gætið þess að loftdýnukerfið sé eingöngu tekið í notkun af þjónustudeild framleiðanda eða þjálfuðu starfsfólki sjúkrahússins.

Setjið upp rúmið á eftirfarandi hátt:


- ▶ Takið rúmið úr umbúðunum.
- ▶ Fjarlægið einangrunarþynnuna úr rafmagnshólfinu (sjá kafla um virkjun á rafgeymi).
- ▶ Farið yfir sendinguna (frekari upplýsingar er að finna í köflum um sendingu og gerðir rúma).
- ▶ Komið búnaði og aukabúnaði fyrir.
- ▶ Komið rúminu eingöngu fyrir á viðeigandi gólfleti (sjá kafla um flutninga).
- ▶ Gætið þess að rekast ekki í rafmagnssnúruna eða teygja á henni þegar rúmið er stillt. Athugið hvort klóin er rétt tengd.
- ▶ Ekki skilja eftir lausar framlengingarsnúror eða fjöltengi á gólfinu.
- ▶ Gætið þess að allur nauðsynlegur vélrænn og rafknúinn öryggisbúnaður sé til staðar.
- ▶ Engin rafmagnsrofi er á rúminu, þ.e. rafmagnssnúran er eina leiðin til að taka rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gætið þess að rafmagnssnúran sé alltaf aðgengileg.
- ▶ Fáid vottaðan og þjálfaðan þjónustuaðila sem er samþykktur af framleiðanda til að skipta um kló á rafmagnssnúrunni ef þess er þörf.

9.1 Virkjun rafgeymis

9.1.1 Staðsetning stjórnhluta




9.1.2 Einangrunarþynnann fjarlægð



TOGIÐ

9.1.3 Einangrunarþynna

Athugið hvort einangrunarþynnann er heil og óskemmd eins og sýnt er:




Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda án tafar ef einangrunarþynnann er skemmd.

ATHUGIÐ: Mælt er með notkun hanska þegar einangrunarþynnann er fjarlægð.

9.2 Stoðgrind dýnu

Stoðgrind dýnu samanstendur af plasthlutum.
Mini-stjórnborð umönnunaraðila er staðsett við fótalag rúmsins.



Mynd Tvískipt stoðgrind dýnu (Tom 2)

9.2.1 Sjálfvirk hreyfing aftur á bak

Þegar bakstoð er lyft hreyfist hún einnig aftur á bak til að draga úr þrýstingi á mjaðmagrind sjúklingsins.


Kostir sjálfvirkrar hreyfingar aftur á bak:

- ▶ Kemur í veg fyrir þrýstingssár.
- ▶ Setsvæði stækkar um 12,5 cm þegar bakstoðin er í efstu stöðu.


ATHUGIÐ Aðeins má nota dýnu sem framleiðandi samþykkir ef fullnýta á þessa kosti.

9.3 Spennujöfnun

Rúmið er með hefðbundið varnartengi. Þetta tengi er notað til spennujöfnunar á milli rúmsins og sérhvers ífarandi tækis í blóðrás eða hjarta sjúklingins, til að verja sjúklinginn gegn raflosti frá stöðurafmagni.



Mynd Spennujöfnunartengi - kartengi



Mynd Spennujöfnunartengi - kventengi

Nota skal spennujöfnunartengið ef:

- Sjúklingurinn er tengdur við ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta, af hvaða toga sem er.

Áður en sjúklingurinn er tengdur við ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta skal gera eftirfarandi:

- ▶ Tengid jarðtengingarsnúru tækisins við spennujöfnunartengið á rúminu sem sjúklingurinn liggur í.
- ▶ Notið venjulegt tengi fyrir sjúkrahús.
- ▶ Gangið úr skugga um að tengin passi saman.
- ▶ Gangið úr skugga um að engin hættu sé á aftengingu fyrir slysi.

Áður en rúmið er fært skal gera eftirfarandi:

- ▶ Takið ífarandi tæki í blóðrás eða hjarta úr sambandi við sjúklinginn.
- ▶ Takið spennujöfnunartengið úr sambandi.

9.4 Höfðagafi og fótagafi



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef höfðagafi og fótagafi eru settir upp með röngum hætti!

- ▶ Ávallt skal ganga úr skugga um að höfðagafi eða fótagafi séu tryggilega læstir í hvert sinn sem þeir eru settir upp.
- ▶ Gangið ávallt úr skugga um að sængurfatnaður hindri ekki læsingu höfðagafisins eða fótagafisins.
- ▶ Þegar sjúklingur er án eftirlits er örugg staða rúms sem hér segir: Uppsettur höfðagafi og fótagafi, og hliðargrindur í hæstu stöðu. Við allar aðrar aðstæður (t.d. þegar hliðargrindur eru niðri, höfðagafi og fótagafi ekki á o.s.frv.) verður sjúklingurinn að vera undir eftirliti.
- ▶ Forðist að meiða sjúklinginn þegar höfðagafi og/eða fótagafi er tekinn af rúminu, að öðrum kosti skal fjarlægja höfðagafi og/eða fótagafi af rúminu meðan sjúklingurinn er ekki í því.
- ▶ Gætið þess að aukabúnaður / framlenging á festingu rekist ekki í höfðagafi eða fótagafi þegar hann er fjarlægður. Að öðrum kosti skal fjarlægja aukabúnað / framlengingu.



VIÐVÖRUN!

Tom 2 rúm með höfðagafi og fótagafi sem ekki er hægt að fjarlægja er ekki ætlað til notkunar á gjörgæsludeildum!

- ▶ Notið ekki Tom 2 með höfðagafi og fótagafi sem ekki er hægt að fjarlægja á gjörgæsludeildum!



VIÐVÖRUN!

Hætta á erfiðleikum við meðhöndlun á höfðagafi og fótagafi vegna ósamhæfis við Tom 2 sjúkrarúm!

- ▶ Notaðu eingöngu samhæfðan höfðagafi og fótagafi við samsvarandi útgáfu af Tom 2 sjúkrarúmi til að koma í veg fyrir erfiðleika við að fjarlægja höfðagaflinn og fótagaflinn!



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna of mikils álags!


Gætið þess að setja ekki óhóflegt álag á hliðargrindur, höfðagafi eða fótagafi.

Hægt er að fá Tom 2-rúm með höfða- og fótagafi sem hægt er að fjarlægja ef viðskiptavinur óskar þess. Höfðagafi og fótagafi sem hægt er að fjarlægja veita aðgengi að sjúklingnum. Höfðagafi og fótagafi fyrir Tom 2 sjúkrarúmið (1K4) eru ekki samhæfir við gamla Tom 2 sjúkrarúmið (1K2) vegna breytinga á læsingum.

9.4.1 Höfðagafl og fótagafl

Til að fjarlægja höfðagafl og fótagafl:


- ▶ Aflæsið báðum læsingunum ofan á höfðagaflinum eða fótagaflinum með því að ýta eins og örvarnar sýna (1).
- ▶ Gripið um efri hluta höfðagaflsins eða fótagaflsins með báðum höndum.
- ▶ Lyftið höfðagaflinum eða fótagaflinum upp (2).
- ▶ Snúið höfðagaflinum eða fótagaflinum lítillega inn að rúminu.
- ▶ Fjarlægjið höfðagaflinn eða fótagaflinn.



Mynd Höfðagafl fjarlægður (útgáfa 2)

Höfðagafl og fótagafl settur upp:

- ▶ Setjið höfðagaflinn eða fótagaflinn upp á rúmið (1).
- ▶ Setjið höfðagaflinn eða fótagaflinn inn í leiðarana efst og neðst á súlunum (2 og 3) báðum megin.
- ▶ Rennið höfðagaflinum eða fótagaflinum niður þar til hann smellur á sinn stað (smellur heyrst).
- ▶ Gangið úr skugga um að höfðagaflinn eða fótagaflinn sé læstur á sínum stað og að hornin ofan á gaflinum liggi á endasúlum rúmsins.



Mynd Uppsetning höfðagafls (útgáfa 2)

9.5 Fyrir notkun



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna hitabreytinga!

- ▶ Þegar mikill munur er á hitastigi milli þess staðar þar sem rúmið er staðsett og þar sem það verður notað. (eftir flutning/geymslu) skal láta rúmið standa ótengt við rafmagn í 24 klukkustundir til að hitastig ná jafnvægi.

Undirbúið rúmið fyrir notkun á eftirfarandi hátt:

- ▶ Setjið rúmið í samband við rafmagn.
- ▶ Hækkið stoðgrind dýnnunar í hæstu stöðu.
- ▶ Fjarlægjið einangrunarþynnuna af stjórnhlutanum.
- ▶ Lækkið stoðgrind dýnnunar í lægstu stöðu og hallið henni í mesta halla.
- ▶ Athugið hvort hjólin og aðalhemilinn virki sem skyldi.
- ▶ Athugið allar aðgerðir á stjórnbúnaðinum (Mini-stjórnborð umönnunaraðila).
- ▶ Athugið hvort hliðargrindurnar virka sem skyldi.
- ▶ Fargið öllum umbúðum (sjá kaflann um förgun).

9.6 Flutningur



VIÐVÖRUN!

Ekki má nota Tom rúm með öðrum hjólum en Tente Integral 150 mm til að flytja rúmið á milli herbergja! Ef hjól með minna þvermál eru notuð með rúminu er hætt á að rúmið velti þegar farið er yfir þröskulda eða svipaðar hindranir þegar rúmið er í efstu stöðu!



VIÐVÖRUN!

Tente Motion hjól með 10 cm þvermál eru ekki tluð til að flytja sjúkling í Tom 2 rúminu!



VIÐVÖRUN!

Tom 2 rúmið verður að vera í lægstu stöðu og lárétt með flata stoðgrind dýnu á meðan verið er að færa rúmið!

Hafið eftirfarandi í huga til að tryggja öruggan flutning:

- ▶ Gætið þess að aka ekki yfir neinar snúrur þegar rúmið er fært til.
- ▶ Gætið þess að rafmagnssnúran sé úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gætið þess að rafmagnssnúran sé hengd á krók (við höfðagafl rúmsins).
- ▶ Gætið þess að hjólin séu ólæst áður en rúmið er hreyft til þegar sjúklingi er komið fyrir í rúmi/tekinn úr rúmi (sjá „Hjólástýring og flutningur rúms“).
- ▶ Gætið þess að hliðargrindur séu uppi og þær læstar þegar rúmið er flutt til með sjúklingi.
- ▶ Aðeins skal hreyfa rúmið á hentugum gólfleti.

Hentugt yfirborð:

- Flísar
- Harður línóleumdúkur
- Hart gólfefni

Yfirborð sem hentar ekki:

- Gólfefni sem er mjúkt, ekki einangrað eða gallað
- Gólfefni úr mjúkum viði
- Mjúk og gljúp steingólf
- Teppalögð gólfteppi með undirlagi
- Mjúkur línóleumdúkur
 - Þegar eknar eru lengri vegalengdir skal gæta þess að stjórnbúnaður hjóla (aðalstjórnbúnaður) sé virkur.
 - Gætið þess að taka hemlana af áður en rúmið er fært til.

9.7 Fastbúnaður

Rúmið inniheldur fastbúnað sem eingöngu vottaðir tæknimenn mega uppfæra.

Þessi fastbúnaður er varinn gegn óheimilum aðgangi með hlíf (nota þarf verkfæri til að opna hana), innsigli (ihlutir með örgjörva eru innsiglaðir), er eingöngu samrýmanlegur við vottað hugbúnaðartól og háður því að samhæfi nýja fastbúnaðarins og rúmsins sé kannað.

10 Rafmagnssnúra



VARÚÐ!


Hreyfingar rúmsins stöðvast ekki þegar rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn!

- ▶ Stöðvið rúmið áður en rúmið er tekið úr sambandi við rafmagn.

Tengiklóiin er ætluð til að setja rúmið í samband við rafmagn og taka það úr sambandi við rafmagn. Hengja verður rafmagnssnúru (rafmagnskapal) á krók við höfðagafi rúmsins við flutning.

Þar sem vafi leikur á heilleika ytri varnarleiðara í raflögn eða á uppsetningu hennar

- ▶ skal aðeins stjórna rúminu með innri rafgeyminum.



Mynd Krókur til að hengja upp rafmagnssnúru

11 Rafgeymir



VARÚÐ!

Hætta á skertum endingartíma rafgeymis ef varan er notuð með röngum hætti!

- ▶ Eingöngu skal nota afl frá rafgeymi í neyðartilvikum (t.d. við rafmagnsleysi, þegar ástand sjúklings krefst þess við flutninga, o.s.frv.)
- ▶ Þegar rúmið er sett aftur í samband við rafmagn skal hlaða rafgeyminn að fullu (sjá línurit yfir hleðslustöðu rafgeymis).



VARÚÐ!

Hætta á að rafgeymir skemmist eða eyðileggist!

- ▶ Ef rafgeymirinn er ekki í lagi er hætt á að loft fari úr honum. Í sjaldgæfum tilvikum kann það að valda afmyndun á hlífðarhúsi rafgeymisins, hlíf stjórnborðs eða snúrum.
- ▶ Ef slíkt gerist skal umsvífalaust hætta notkun rúmsins (sjá „Rúmið tekið úr notkun“).
- ▶ Hafið tafarlaust samband við þjónustudeild framleiðanda.

Mælt er með eftirfarandi til að tryggja endingartíma blýblandaðra rafgeyma við geymslu:

1. Að koma í veg fyrir mikla afhleðslu rafgeyma og að viðhalda að minnsta kosti hlutahleðslu á rafgeymum með því að hlaða þá reglulega
2. Að geyma rafgeyma á þurrum stað við hitastig á milli 10 °C og 40 °C
3. Að koma í veg fyrir að rafgeymar standi í sólarljósi

Endingartími rafgeymisins getur náð allt að fimm árum ef hann er notaður við bestu skilyrði.

Afköst hans geta dregist verulega saman ef eftirfarandi er til staðar:

- ▶ of hár umhverfishiti
- ▶ margar hleðslu-/afhleðslulotur rafgeymis
- ▶ endurtekin mikil afhleðsla
- ▶ rúmið fær oft einungis afl frá rafgeymi

Rafgeymirinn sem fylgir rúminu er óhlaðinn við afhendingu. Rafgeymirinn er til vara ef rafmagnslaust verður eða þegar flytja þarf sjúklinga.

- ▶ Notið eingöngu rafgeymi sem er samþykktur til notkunar af framleiðanda.
- ▶ Framleiðandinn veitir sex mánaða ábyrgð á allri virkni rafgeymisins.
- ▶ Athugið virkni rafgeymisins a.m.k. einu sinni í mánuði í samræmi við notkunar- og þjónustuhandbækur og látið skipta um rafgeymi ef þörf er á.
- ▶ Framleiðandi tekur enga ábyrgð á skemmdum sem verða á rúmi eða rafgeymi af eftirtöldum orsökum:
 - ef fyrirmælum framleiðandans sem koma fram í notkunarleiðbeiningunum er ekki fylgt.
 - vegna notkunar á rafgeymi sem er ekki samþykktur af framleiðanda.
 - þjónustuaðili sem skiptir um rafgeymi hefur ekki til þess tilgreinda þekkingu.

Til að hlaða rafgeyminn:

- ▶ Setjið rúmið í samband við rafmagn og athugið gula LED-ljósið á stjórnborði umönnunaraðila með hliðsjón af eftirfarandi töflu.
- ▶ Gula LED-ljósið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila sýnir hleðslu og afköst rafgeymisins.

LED-ljósið sýnir hleðslustöðu rafgeymisins:

Gult ljós	Hleðslustaða rafgeymis
Lýsir ekki	Næg hleðsla á rafgeymi (hleðslu lokið)
Blikkar í stuttan tíma (lýsir stutt með hléi á milli) (u.þ.b. 1,8 sek.)	Rafgeymir hleður - haldið áfram að hlaða þar til LED-ljósið slokknar. Hægt er að nota rafgeyminn í neyðartilvikum sem varaafgjafa í stuttan tíma. Ef LED-ljósið blikkar enn eftir 12 klukkustunda hleðslu eða hættir að blikka án þess að hægt sé að stilla rúmið er rafgeymirinn bilaður eða gallaður. Hafið samband við framleiðanda.
Blikkar lengi (lýsir lengi) (u.þ.b. 0,2 sek.)	Lítill hleðsla á rafgeymi - ekki er hægt að nota rafgeymi sem neyðarafgjafa, jafnvel í styttri tíma; rafgeymirinn er alveg afhlaðinn eða bilaður (ef þetta merki er viðvarandi verður að skipta um rafgeyminn - þjónustuaðgerð).
Lýsir lengi með hléi á milli í nokkrar klukkustundir (u.þ.b. 10 klukkustundir) þegar rúmið er tengt við rafmagn.	Rafgeymir er ekki til staðar eða bilun (rafgeymir er ekki rétt tengdur, snúra frá afgjafa til rafgeymis er slitin eða bræðivör rafgeymisins eru í ólagi); ef þetta merki kemur fram skal hafa samband við þjónustudeild framleiðanda.

Til að viðhalda sem bestri starfsemi rafgeymis:

- ▶ Takið rúmið ekki úr sambandi við rafmagn nema það sé alveg nauðsynlegt.

Ef rafgeymishlífin eða stjórnhlutinn hefur aflagast vegna hita

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Takið rúmið úr notkun (sjá Rúmið tekið úr notkun).
- ▶ Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.

11.1 Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“

Rafgeymirinn er bilaður ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

- ▶ Rafgeymir hleður stöðugt
- ▶ Lág spenna á rafgeymi
- ▶ Hleðslustrumur rafgeymisins er lágur

Staðan „Rafgeymir er ekki í lagi“ er sýnd með eftirfarandi hætti:

- ▶ Lýsir gaumljós rafgeymis stöðugt.
- ▶ Hægt er að afturkalla stöðuna „Rafgeymir er ekki í lagi“ með því að ýta á hnappinn „STOP“.
- ▶ Gögn um stöðu rafgeymis eru vistuð og skrifuð í „Blackbox“.

11.2 Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“

Rafgeymirinn er afhlaðinn ef eftirfarandi skilyrði á við:

- ▶ Skilgreind spennuminnkun háð afhleðslustrumi

Staðan „Rafgeymir afhlaðinn“ er sýnd með eftirfarandi hætti:

- ▶ Staðan er gefin til kynna með því að gaumljós rafgeymisins blikkar hratt.
- ▶ Þessi staða er sjálfkrafa afturkölluð þegar rúmið fer í hvíldarstillingu.

11.3 Rúmið tekið úr notkun

Hvernig taka skal rúmið úr notkun:

- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Takið jarðtenginguna úr sambandi.
- ▶ Gerið rafgeyminn óvirkan (sjá „Rafgeymir gerður óvirkur“).
- ▶ Fjarlægjið aukabúnað.

Til að koma í veg fyrir skemmdir við geymslu:

- ▶ Pakkið inn eða breiðið yfir rúmið og aukabúnaðinn.
- ▶ Gætið þess að aðstæður við geymslu séu sambærilegar aðstæðum við notkun.

ATHUGIÐ: Einungis vottað þjónustufyrirtæki ætti að taka rúmið úr notkun.

Gerði eftirfarandi til að virkja aftur rafgeyminn:

- ▶ Stingið rafmagnssnúrunni í samband við rafmagn.

12 Meðhöndlun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar rúmið er stillt!

- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar séu á milli íhluta stoðgrindar dýnnar og stoðgrindar dýnnar þegar rúmið er stillt.
- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar liggi fyrir neðan stoðgrind dýnnar áður en rúmið er stillt.
- ▶ Festið alla hluti sem eru á rúminu eða fjarlægjið þá.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum af völdum hluta sem hreyfast!

- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar klemmist milli stoðgrindar dýnnar, aukabúnaðar og hluta sem hreyfast.



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna hluta sem hreyfast!


- ▶ Gætið þess að engir hlutir (t.d. snúrur) klemmist milli stoðgrindar dýnnar og hluta sem hreyfast.
- ▶ Gætið þess að ekkert klemmist milli rúmsins og aukabúnaðar (t.d. innrennslisstangar, lyftistangar) þegar stoðgrind dýnu hreyfist til.

Stjórnbúnaður:

- ▶ Mini-stjórnborð umönnunaraðila

12.1 Mini-stjórnborð umönnunaraðila

Mini-stjórnborð umönnunaraðila er hefðbundinn stjórnbúnaður. Stjórnborð umönnunaraðila er staðsett við fótalag rúmsins.



Mynd Mini-stjórnborð umönnunaraðila - útgáfa 2

1. LED-ljós sem sýnir hleðslustöðu rafgeymis
2. Stöðvunarhnappur
3. Virkjunarhnappur
4. Hnappur fyrir stillingar bakstoðar - niður
5. Hnappur fyrir stillingar bakstoðar - upp
6. Hnappur til að stilla hæð rúms - niður
7. Hnappur til að stilla hæð rúms - upp
8. Hnappur fyrir Trendelenburg-legu (eingöngu halli á stoðgrind dýnu)
9. Hnappur fyrir öfuga Trendelenburg-legu (eingöngu halli á stoðgrind dýnu)
10. LED-ljós sem sýnir læsingu á hæð rúms, Trendelenburg-legu og öfugri Trendelenburg-legu
11. LED-ljós sem sýnir læsingu bakstoðar
12. Til að læsa eða aflæsa stillingu bakstoðar eða hæð rúms, eða halla fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu
13. LED-ljós sem sýnir tengingu við rafmagn

Til að stilla stöður:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi hnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

12.1.1 Stöðvunarhnappur

Stöðvunarhnappurinn (2) stöðvar samstundis allar hreyfingar rúmsins.

Þegar ýtt er á stöðvunarhnappinn (2) í a.m.k. 0,3 sekúndur stöðvast allar rafknúnar hreyfingar rúmsins umsvifalaust.

ATHUGIÐ: Hægt er að stöðva hreyfingar rúmsins með því að ýta á tvo hnappa samtímis, jafnvel þó þeir séu á sitt hvoru stjórnþækinu. Ef hnöppunum er haldið inni lengur en 0,5 sekúndur stöðvast allar hreyfingar rúmsins umsvifalaust.

12.1.2 Virkjar GO-hnapp

Virkjunarhnappurinn (3) virkjar lyklaborð á öllum stjórnþænaði.

Þegar ýtt hefur verið á virkjunarhnappinn (3) er lyklaborðið virkt í 3 mínútur. Hægt er að stjórna öllum eiginleikum rúmsins.

Þegar ýtt er á aðgerðarhnapp verður lyklaborðið virkt í þrjár mínútur til viðbótar.

Nauðsynlegt er að virkja lyklaborðið aftur ef þrjár mínútur líða án þess að ýtt sé á aðgerðarhnapp.

ATHUGIÐ Hægt er að flytja eða stilla rúmið samfellt í 2 mínútur (ekki lengur) eftir 18 mínútna hlé.

12.1.3 Stöðuhnappar

Hægt er að stilla allar stöður með Mini-stjórnborði umönnunaraðila. Með Mini-stjórnborði umönnunaraðila er hægt að stilla hæð stoðgrindar dýnu og halla bakstoðar eða stoðgrindar dýnu. Hægt er að stilla þessar stöður með aðgerðarhnöppunum 4, 5, 6, 7, 8 og 9.

Stöður eru stilltar á eftirfarandi hátt:

- ▶ Kveikið á lyklaborðinu með því að ýta á virkjunarhnappinn.
- ▶ Haldið viðkomandi aðgerðarhnappi inni þar til æskilegri stöðu hefur verið náð.

12.1.4 Læsing (aðeins útgáfa 2)


Með læsingu er hægt að gera stillingu bakstoðar eða hæðar rúms, sem og halla fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu óvirka á Mini-stjórnborði umönnunaraðila.



VARÚÐ!

Hætta á að færanlegi lykillinn glatist!


- ▶ Gætið þess að glata ekki færanlega lyklinum.
- ▶ Geymið færanlega lykilinn á öruggum stað til að tryggja að hann sé ávallt aðgengilegur þegar á þarf að halda.




Mynd Færanlegur lykill (snertið merкта svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila með færanlega lyklinum til að læsa eða aflæsa aðgerðum)

LÆSA


Gerðið eftirfarandi til að læsa stillingu bakstoðar:


- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýna læsingu 11 og 10 blikka hægt.
- ▶ Ýtið á hnapp 4 eða hnapp 5. LED-ljós sem sýnir læsingu 11 blikkar hratt.
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 11 lýsir. Stilling bakstoðar er nú óvirk.



ATHUGIÐ: Stillingu bakstoðar er læst sjálfkrafa eftir 10 sekúndur og á sama tíma blikkar samsvarandi LED-ljós sem sýnir læsingu hratt, nema læsingin sé staðfest með færanlega lyklinum.

Gerðið eftirfarandi til að læsa hæðarstillingum á rúmi, Trendelenburg-legu og öfugri Trendelenburg-legu:


- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýna læsingu 11 og 10 blikka hægt.
- ▶ Ýtið á hnapp 6 eða hnapp 7. LED-ljós sem sýnir læsingu 10 blikkar hratt.
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 10 lýsir. Hæðarstilling rúms, halli fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu eru nú óvirkar.




ATHUGIÐ: Hæðarstillingu rúms, halla fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu er læst sjálfkrafa eftir 10 sekúndur og á sama tíma blikkar samsvarandi LED-ljós sem sýnir læsingu hratt, nema læsingin sé staðfest með færanlega lyklinum.

TAKA ÚR LÁS


Gerðið eftirfarandi til að taka stillingu bakstoðar úr lás:


- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 11 blikkar hratt.
- ▶ Ýtið á hnapp 4 eða hnapp 5. LED-ljós sem sýnir læsingu 11 blikkar hægt.
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 11 lýsir ekki. Stilling bakstoðar verður aftur virk.



ATHUGIÐ: Stillingu bakstoðar er aflæst sjálfkrafa eftir 10 sekúndur og á sama tíma blikkar samsvarandi LED-ljós sem sýnir læsingu hægt, nema læsingin sé afturkölluð með færanlega lyklinum.

Gerðið eftirfarandi til að aflæsa hæðarstillingu á rúmi, Trendelenburg-legu og öfugri Trendelenburg-legu:

- ▶ Ýtið á hnappinn .
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 10 blikkar hratt.
- ▶ Ýtið á hnapp 6 eða hnapp 7. LED-ljós sem sýnir læsingu 10 blikkar hægt.
- ▶ Snertið svæðið á Mini-stjórnborði umönnunaraðila (12) með færanlega lyklinum. LED-ljós sem sýnir læsingu 10 lýsir ekki. Hæðarstilling rúms, hallastilling fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu eru nú virkar á ný.



ATHUGIÐ: Hæðarstillingu rúms, hallastillingu fyrir Trendelenburg-legu og öfuga Trendelenburg-legu er aflæst sjálfkrafa eftir 10 sekúndur og á sama tíma blikkar samsvarandi LED-ljós sem sýnir læsingu hægt, nema læsingin sé afturkölluð með færanlega lyklinum.

MERKI UM LÆSINGU

Þegar **LED-ljós 11** logar er stilling á stuðningi undir baki læst.

Þegar **LED-ljós 11** logar ekki er stilling á stuðningi undir baki ólæst.

Ef **LED-ljós 10** logar eru hæðarstillingar rúms, hallastillingar Trendelenburg-legu og öfugrar Trendelenburg-legu læstar.

Ef **LED-ljós 10** logar ekki eru hæðarstillingar rúms, hallastillingar Trendelenburg-legu og öfugrar Trendelenburg-legu ólæstar.

12.2 Losun bakstoðar fyrir endurlífgun (valbúnaður)




VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar bakstoð er lækkuð of hratt!

- ▶ Gætið þess að útdraganlegu hliðargrindurnar séu í neðstu stöðu!
- ▶ Gætið þess að engir líkamshlutar séu á milli hliðargrinda og bakstoðar.

Hægt er að lækka bakstoðina með vélrænum hætti þegar þörf er á neyðaraðgerðum til endurlífgunar. Undir rúmgrindinni höfðagaflsmegin eru tvær stjórnstangir fyrir endurlífgunarstillingu.



Mynd Staðsetningar stjórnstanga fyrir endurlífgunarstillingu

Til að stilla stöðuna fyrir endurlífgun:

- ▶ Takið um aðra hvora stjórnstöngina.
- ▶ Ýtið bakstoðinni niður.

12.3 Neyðarlækkun bakstoðar



VIÐVÖRUN!

Hætta á að festast eða klemmast við neyðarlækkun bakstoðar!

► Gæta verður sérstakrar varúðar til að koma í veg fyrir að klemma hönd eða fingur milli bakstoðar og rúmgrindar við neyðarlækkun bakstoðar!

► Við neyðarlækkun bakstoðar skal halda við bakstoðina með annarri hendi til að koma í veg fyrir að hin höndin klemmist. Einnig er hægt að lækka bakstoðina með hjálp aðstoðarmanneskju sem heldur við bakstoðina meðan hún er lækkuð til að tryggja að hún falli ekki sjálfkrafa niður!



VIÐVÖRUN!

Takmörkun á stillingu bakstoðar eftir neyðarlækkun bakstoðar

► Eftir neyðarlækkun bakstoðar þarf tæknimaður sjúkrahúss að virkja stillingaraðgerðir bakstoðar á ný með því að tengja bakstoðina við stimpil rafhreyfisins!


► Ef starfsfólk sjúkrahússins telur nauðsynlegt að geta stillt bakstoðina strax aftur að lokinni neyðarlækkun bakstoðar þarf að koma sjúklingnum fyrir í öðru rúmi sem býður upp á þann möguleika!

12.3.1 Lýsing á tengingu bakstoðar við stimpil rafhreyfis


Bakstoðin er tengd við stimpil rafhreyfisins með færanlegri krækju.

Með því að færa þessa krækju er hægt að framkvæma neyðarlækkun bakstoðar.


Öryggiskrækjan er nauðsynlegur hluti af stillingu bakstoðar.



Mynd Tenging bakstoðar við stimpil rafhreyfis með krækju (séð undir bakstoð við höfðalag rúmsins)



Mynd Öryggiskrækja (bakstoðin er tengd við stimpil rafhreyfisins)




Mynd Öryggiskrækja sem ekki er föst (bakstoðin er ekki tengd við stimpil rafhreyfisins)


12.3.2 Framkvæmd neyðarlækkunar bakstoðar

Í neyðartilvikum lækkar starfsfólk sjúkrahússins bakstoðina á skjótan hátt á hlið rúmsins.


- 1) Lækkið hliðargrind á annarri hlið rúmsins niður í neðstu stöðu.
- 2) Ef bakstoðin er ekki nægilega hátt uppi til að unnt sé að koma hendi undir hana skal lyfta bakstoðinni.
- 3) Haldið bakstoðinni með annarri hendi þannig að hún falli ekki niður.
- 4) Losið krækjuna sem tengir bakstoðina við stimpil rafhreyfisins með hinni höndinni.
- 5) Togið krækjuna sem tengir bakstoðina við stimpil rafhreyfisins út með annarri höndinni en haldið bakstoðinni áfram uppi með hinni höndinni.
- 6) Leggið bakstoðina niður á rúmgrindina.



Mynd Bakstoð lyft upp áður en krækjan er losuð (2)



Mynd Haldið um bakstoð við neyðarlækkun bakstoðar (3)




Mynd Krækjan sem tengir bakstoðina við stimpil rafhreyfisins losuð (4) og fjarlægð (5)

12.3.3 Aðferð við að tengja bakstoðina á ný við stimpil rafhreyfisins


Tæknimaður tengir bakstoðina á ný við stimpil rafhreyfis frá hlið rúmsins.

Mælt er með að tveir vinni saman að því að tengja bakstoðina á ný við stimpil rafhreyfisins: annar heldur bakstoðinni og hinn kemur krækjunni fyrir á ný og festir hana.

- 7) Lækkið hliðargrind á annarri hlið rúmsins niður í neðstu stöðu.
- 8) Lyftið bakstoðinni nægilega hátt til að unnt sé að koma hendi undir hana við hægri hlið rúmsins.
- 9) Haldið bakstoðinni með annarri hendi eða styðjið við hana með öðrum hætti þannig að hún falli ekki sjálfkrafa niður. Ef tveir starfsmenn vinna saman að því að tengja bakstoðina á ný við stimpil rafhreyfisins heldur annar þeirra bakstoðinni allan tímann og stillir stöðu hennar í samræmi við fyrirmæli hins starfsmannsins, sem kemur krækjunni fyrir á ný og festir hana.
- 10) Frá hlið rúmsins skal stinga klemmupinnanum í gegnum opin á stimpli rafhreyfisins og gegnum samsvarandi op í bakstoðinni á sama tíma.
- 11) Festið krækjuna sem tengir bakstoðina við stimpil rafhreyfisins tryggilega.



Mynd Krækjan sem tengir bakstoðina við stimpil rafhreyfisins sett inn (10) og fest (11)



Mynd Rafhreyfir rétt tengdur við bakstoðina (krækjan hefur verið rétt sett inn og rétt fest)

12.4 Hliðargrindur



VIÐVÖRUN!

Starfsfólk ber ábyrgð á að læsa hliðargrindum í efstu stöðu þegar sjúklingur er í rúminu eða við flutning rúmsins.



VIÐVÖRUN!

Gætið þess að engir hlutir eða líkamshlutar klemmist milli þverslána þegar hliðargrindur eru settar upp eða niður.



VIÐVÖRUN!

Þegar sjúklingur sem er hærri en 100 cm er í rúminu verða hliðargrindur að vera stilltar á miðjustöðu! Ekki má hafa hliðargrindurnar í efstu stöðu til að koma í veg fyrir að sjúklingurinn fari úr rúminu, vegna hættu á að sjúklingurinn detti yfir hliðargrindurnar!




VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna of mikils álags!

Gætið þess að setja ekki óhóflegt álag á hliðargrindur, höfðagafi eða fótagafi.

Útdraganlegu hliðargrindurnar eru hluti af rúminu. Ekki er hægt að fjarlægja hliðargrindurnar.



Mynd Hliðargrind felld niður

Til að fella niður hliðargrind:

- ▶ Grípið um læsihandföng hliðargrindarinnar og lyftið henni í hæstu stöðu 1.
- ▶ Ýtið á og haldið báðum læsihandföngunum í átt að hvoru öðru 2.
- ▶ Lækkið hliðargrindurnar niður í lægri eða lægstu stöðu.




VIÐVÖRUN!
Ekki má grípa um læsihandföng hliðargrindarinnar þegar hliðargrind er lyft upp!



VIÐVÖRUN!
Gætið þess að lyfta hliðargrindum upp í rétta hæð.




VIÐVÖRUN!
Þegar hliðargrind er lyft með annarri hendi skal gæta þess að hliðargrindin læsist bæði hægra og vinstra megin.



Mynd Hliðargrind lyft upp

Til að setja hliðargrind upp:






- ▶ Grípið um lóðréttu rimar hliðargrindarinnar og lyftið henni í hærri eða hæstu stöðu 1.
- ▶ Smellur heyrir þegar hliðargrindin læsist á réttum stað.
- ▶ Gangið úr skugga um að hliðargrindurnar séu læstar með því að toga þær upp, ýta þeim niður og til hliðar.



Mynd Hliðargrind sem ekki hefur verið rétt læst

12.4.1 Stöður hliðargrinda

Hægt er að hafa hliðargrindurnar í fimm stöðum.



12.4.2 Opnanlegar hliðargrindur (valbúnaður)



VIÐVÖRUN!

Hætta á skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Gætið þess ávallt að opnanlega hliðarsláin sé tryggilega læst. Athugið læsinguna með því að toga slána upp, niður, og í áttina að og frá ykkur.
- ▶ Aldrei má hafa sjúkling eftirlitslausan í rúminu ef hliðarslá er opin.
- ▶ Gætið þess að enginn aukabúnaður sé fastur í lásbúnaðinum eða sé fyrir lásbúnaðinum.
- ▶ Ekki má stilla hliðargrind ef opnanleg hliðarslá er ekki læst í neðstu stöðu!
- ▶ Opnanlegar hliðarslár eru útbúnar öryggishemli til að koma í veg fyrir að þær lokist of hratt. Öryggishemlar á hliðarslánum virka rétt ef það tekur meira en 1 sekúndu að lækka slárnar í neðri stöðu án þess að stýra þeim. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda ef það tekur styttri tíma en þetta að lækka slárnar í neðri stöðu án þess að stýra þeim.



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna rangrar notkunar!

- ▶ Gætið þess að ekkert sé fyrir þegar hliðarslám er lokað.
- ▶ Gætið þess að hliðarslám sé vandlega læst í neðstu stöðu.

Hægt er að koma opnanlegum hliðarslám fyrir á rúminu. Með því er hægt að nota t.d. Redon-drenflöskur án þess að þörf sé á að leggja hliðargrindina alveg niður. Opnanlegar hliðarslár eru útbúnar öryggishemli til að koma í veg fyrir að þær lokist of hratt.



Mynd Hliðarslár opnaðar

Opnið hliðarslána með eftirfarandi hætti:


- ▶ Togið láspinnann í átt að ykkur og haldið honum í þeirri stöðu (1).
- ▶ Haldið áfram um láspinnann og lyftið hliðarslánni upp í hæstu stöðu (2).

Hliðarsláin helst í hæstu stöðu með aðstoð seguls.

Nú hefur hliðarsláin verið opnuð (3).

Lokið hliðarslánni með eftirfarandi hætti:

- ▶ Ýtið hliðarslánni varlega alla leið niður þar til hún festist.
- ▶ Gætið þess að láspinninn sé tryggilega fastur í festingunni.



Mynd Ýtt á láspinna

12.5 Hjólastýring og flutningur rúms



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir vegna rangs flutnings eða hreyfinga fyrir slysi!

- ▶ Gætið þess að læsa hjólunum áður en hlutar rúms eru settir saman, teknir sundur eða unnið að viðhaldi þeirra.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst þegar sjúklingur er í rúminu og/eða ekki er verið að flytja rúmið til.
- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er flutt.
- ▶ Hengið rafmagnssnúruna á meðfylgjandi krók fyrir flutning.
- ▶ Rúmið skal aðeins flutt til af hjúkrunarfólki eða þjálfuðum starfsmönnum.




VARÚÐ!

Skemmdir á rúminu vegna rangrar notkunar!

Notið 100 mm og 125 mm hjól aðeins á flötu, jöfnu og samfelldu yfirborði!

Stjórnstangirnar fyrir hjól eru við fótalag undirvagnsins.

12.5.1 Stjórnstangir fyrir hjól



1. Hreyfing fram á við

Vinstra hjólinu að framan er læst. Rúmið hreyfist beint áfram.

2. Óheft hreyfing

Öll hjólin eru ólæst.

3. Hemill á

Öll hjólin eru læst.

Mynd Stöng fyrir miðlægt hemlakerfi hjóla

Gerðið eftirfarandi til að flytja rúmið til:

- ▶ Stillið hæð rúmsins a.m.k. 20 cm fyrir neðan hámarkshæð.
- ▶ Notið súlurnar á höfða- eða fótalaginu til að ýta rúminu.

13 Búnaður

13.1 Grindur aukabúnaður



Mynd Grind aukabúnaðar

Burðargeta:

- ▶ Hámarksburðargeta er 5 kg án vogarafis.
- ▶ Hámarksburðargeta krókapars er 10 kg.

Aukabúnaður til að hengja á grind aukabúnaðar:

- ▶ Festing fyrir slöngur og nálar
- ▶ Festing fyrir þvagpoka
- ▶ Karfa fyrir þvagflösku
- ▶ DIN-stálstöng

14 Dýna



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum hjá sjúklingi við notkun á óviðeigandi dýnu!

- ▶ Notið aðeins dýnu af stærð sem framleiðandi mælir með!
- ▶ Ef notaðar eru minni dýnur er hættu á meiðslum!

Framleiðandi mælir með notkun dýnu af stærðinni 137x70x10 cm fyrir Tom 2-rúmið. Hægt er að panta dýnurnar EffectaCare 20P og CliniCare 10P frá LINET®.

14.1 EffectaCare 20P og CliniCare 10P

Dýnurnar EffectaCare 20P og CliniCare 10P fyrir Tom 2-rúmið eru ætlaðar börnum á barnadeildum. EffectaCare 20 Paediatric er úr pólýúretanfrauði. CliniCare 10 Paediatric er dýna í tveimur lögum. Neðra lagið er úr köldu pólýúretanfrauði og efra lagið er úr Geltex-frauði.

14.2 Dýnunni snúið




VARÚÐ!

Hætta á skemmdum á dýnunni vegna rangs viðhalds!

- ▶ Ávallt verður að snúa sömu hlið dýnunnar upp. Dýnuhlífin verður að vera með prentuðum merkingum þeim megin sem snýr upp. Ekki er hægt að skipta um efri eða neðri hluta dýnuhlífarinnar. Snúa verður dýnuhlífinni í samræmi við staðsetningu hlífar yfir rennilási, sem kemur í veg fyrir að óhreinindi og bleyta komist í dýnumiðjuna. Sama hlið dýnunnar verður ávallt að vísa upp. Nauðsynlegt er að snúa dýnunni reglulega til að viðhalda eiginleikum dýnunnar (mælt er með að snúa henni einu sinni í mánuði). Hugsanlega eru tölurnar 1 og 2 prentaðar á höfða- og fótalagið til hæginda- auka. Með þessu móti er komið í veg fyrir að kjarni dýnunnar aflagist.



Mynd Rétt staðsetning hlífar yfir rennilási



Mynd Dýnunnar snúid

1. Dýnunnar snúid - með þessu er átt við að víxla höfða- og fótalagi dýnunnar reglulega.

14.3 Tæknilysing samhæfrar dýnu

Breytur	EffectaCare 20 P	CliniCare 10 P
Ytri mál (lengd x breidd x hæð)	137 cm x 70 cm x 10 cm	137 cm x 70 cm x 10 cm
(Frauð)		
Efni	Pólýúretansvampur	Pólýúretansvampur og Viscosvampur
Þyngdartakmarkanir	allt að 75 kg	allt að 72 kg
Þyngd dýnu	3 kg	4,5 kg
Brunapól	CRIB 5	CRIB 5
(Dýnuhlíf)		
Brunapól	CRIB 7	CRIB 7
Litur	blár	blár
Rennilás	180°	180°
Hlíf yfir rennilás	já	já
Flutningsfestingar	nei	já
Samsetning	saumur	logsuða, saumur
Vatnsheldni	já	já
Hleypir raka gegnum sig	já	já
Sýkladrepani	já	já

14.4 Hreinsun og sótthreinsun dýnu

- ▶ Hægt er að sótthreinsa dýnuhlífar með flestum algengum sótthreinsiefnum.
- ▶ Ef sótthreinsun er ekki krafist ætti að vera nóg að nota sápu og vatn til að fjarlægja bletti.
- ▶ Hreinsi- og sótthreinsiefni sem eru að stofni til úr leysi, bleikiefnum, slípiefnum eða sem innihalda hátt hlutfall alkóhóls geta skemmt vöruna.
- ▶ Þvottur getur skert sýkladrepani eiginleika dýnuhlífarinnar.



VARÚÐ!

Hætta á skemmdum á dýnunni vegna rangra þrifa!

- ▶ Hreinsa verður dýnuhlífina sér (taka þarf hana af dýnunni) og láta hana þorna vel. Ekki má nota vökva eða sótthreinsiefni til að hreinsa frauðkjarna dýnunnar.
- ▶ Notið ekki háþrýsti- eða gufuhreinsitæki.
- ▶ Fylgið leiðbeiningunum og kynnið ykkur ráðlagða skammta frá framleiðanda.
- ▶ Gætið þess að einungis til þess bærir sérfræðingar velji og noti sótthreinsiefni.



VARÚÐ!

Hætta á skemmdum á dýnuhlífinni vegna rangra þrifa!

- ▶ Ekki má nota efni sem innihalda aldehyð eða fenól til þrifa, sótthreinsunar eða þvotta!
- ▶ Hámarksstyrkur klórs í sótthreinsiefnum (Chloramine) er 0,5%. Eftir sótthreinsun er nauðsynlegt að þvo yfirborð dýnuhlífarinnar með hreinu vatni og láta þorna vel.

14.4.1 Almennar leiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir örugga og skilvirka hreinsun:

- ▶ Ekki má nota sterkar sýrur eða basa (ákjósanlegt pH-bil er 6–8. Ekki má nota efni með pH-gildi yfir 9).
- ▶ Notið aðeins þvotta- og hreinsiefni sem henta til þrifa á lækningatækjum.
- ▶ Notið ekki slípanandi efni, stálull, eða önnur efni og hreinsiefni sem gætu valdið skemmdum á dýnunni. Ekki má skrúbba yfirborð dýnunnar.
- ▶ Aldrei má nota ætandi eða mjög ertandi hreinsiefni.
- ▶ Aldrei má nota hreinsiefni sem skilja eftir sig kalsíumkarbónat.
- ▶ Aldrei má nota hreinsiefni sem innihalda leysiefni sem gætu haft áhrif á byggingu og þéttleika plastefnanna (bensen, tólúen, asetón o.s.frv.).
- ▶ Notið aðeins hreinsiefni sem samþykkt eru til notkunar á sjúkrahúsum og fylgið staðbundnum reglum hvað varðar sýkingavarnir.
- ▶ Skolið ávallt með vatni að þrifum loknum og látið þorna vel fyrir notkun.
- ▶ Fylgið gildandi reglugerðum um sýkingavarnir.

Hlutar dýnu sem skal þrifa	Ráðlögð hreinsiefni (almenn þrif)
Efri hlíf, neðri hlíf	Hefðbundin þvotta- og hreinsiefni sem notuð eru á sjúkrahúsum, sótthreinsiefni sem eru að stofni til úr alkóhóli eða fjórgreindum ammóníumsamböndum, sótthreinsiefni sem eru að stofni til úr klór og innihalda klór í styrkleikanum allt að 5000 ppm. Að notkun lokinni skal hreinsa vel með vatni og láta þorna vel fyrir notkun. Hreinsun mengunarvalda: Blóðblettir, sýkingar af völdum clostridium difficile o.s.frv. Sótthreinsiefni sem eru að stofni til úr klór og innihalda klór í styrkleikanum allt að 5000 ppm. Í styrkleikanum 5000 ppm er dvalartími á yfirborði 5 mínútur, að því loknu skal hreinsa með vatni og láta þorna vel fyrir notkun.
Dýnumiðja	Hreinsið ekki!

Þar sem margar ólíkar gerðir þvottabúnaðar, þvottaefna og iðefna eru í notkun skal forprófa búnað og efni fyrir notkun. Mikilvægt er að skola og þurrka hlífina vel að þrifum loknum, fyrir geymslu og að geymslu lokinni. Meiri hætta er á skemmdum á blautum eða rökum yfirborðum úr pólýúretani heldur en þurrum.

Eftir þrif með viðeigandi hreinsiefnum skal skola yfirborðið með vatni og þurrka það fyrir notkun, eins og tekið er fram hér að ofan. (Þetta gildir jafnvel þó upplýsingar með viðkomandi hreinsiefni tilgreini annað). Með þessu er komið í veg fyrir uppsöfnun iðefna á yfirborði sem hugsanlega gætu virkjast við notkun og haft áhrif á lífsamrýmanleika.

ATHUGIÐ: Endurtekin notkun sótthreinsiefna með miklu klórinnihaldi kann að draga verulega úr afköstum og endingartíma hins húðaða efnis.

Tegund þrifa	Hlutar sem þarf að þrifa
Reglubundin hreinsun og sótthreinsun	ytra byrði dýnuhlífar
Ítarleg hreinsun og sótthreinsun	ytra byrði dýnuhlífar

14.4.2 Reglubundin hreinsun og sótthreinsun

Dýnan hreinsuð:

- ▶ Leitið eftir merkjum um skemmdir eða að vökvi hafi komist inn undir dýnuhlífina.
- ▶ Ef skemmdir eru á dýnuhlífinni skal skipta um hana eða gera við og sótthreinsa fullkomlega. Athugið einnig hvort dýnumiðjan hafi óhreinkast. Ef dýnumiðjan hefur óhreinkast skal hætta notkun dýnunnar og farga dýnumiðjunni.
- ▶ Hafið dýnuhlífina á dýnunni.
- ▶ Hreinsið með 50 °C heitu vatni og þvotta- og hreinsiefni.
- ▶ Skolið dýnuna með köldu vatni.
- ▶ Látið dýnuna loftþorna eða þurrkið yfir hana.
- ▶ Strjúkið yfir dýnuna með sótthreinsiefni og hreinsið dýnuna með köldu vatni.
- ▶ Látið dýnuna þorna eða þurrkið yfir hana.

14.4.3 Ítarleg hreinsun og sótthreinsun

Hreinsun efri/neðri hlífar:

Notið hefðbundin þvotta- og hreinsiefni sem notuð eru á sjúkrahúsum, hreinsiefni sem eru að stofni til úr alkóhóli eða sótthreinsiefni sem eru að stofni til úr fjörgreindum ammóníumsamböndum. Viðeigandi hreinsiefni sem eru að stofni til úr klór má nota í styrkleikanum 1000 ppm. Hægt er að nota klór í hærri styrkleika ef þess þarf, (allt að 10.000 ppm), með hámarksdvalartíma á yfirborði fimm mínútur og að því loknu skal hreinsa með vatni og láta þorna vel fyrir notkun.

Eftir þrif með viðeigandi hreinsiefnum skal skola yfirborðið með vatni og þurrka það fyrir notkun. (Þetta gildir jafnvel þó upplýsingar með viðkomandi hreinsiefni tilgreini annað). Með þessu er komið í veg fyrir uppsöfnun íðefna á yfirborði dýnunnar, sem hugsanlega gætu virkjust við notkun dýnunnar og haft áhrif á lífsamrýmanleika.

Dýnan hreinsuð:

- ▶ Leitið eftir merkjum um skemmdir á dýnuhlífinni, bæði þeirri efri og þeirri neðri.
- ▶ Ef skemmdir eru á efri eða neðri dýnuhlíf skal skipta um dýnuhlíf eða gera við og sótthreinsa fullkomlega. Athugið einnig hvort dýnumiðjan hafi óhreinkast. Ef dýnumiðjan hefur óhreinkast skal hætta notkun dýnunnar og farga dýnumiðjunni.
- ▶ Hafið dýnuhlífina á dýnunni.
- ▶ Hreinsið öll lofthólf dýnunnar og slöngur með 50 °C heitu vatni og þvotta- og hreinsiefni.
- ▶ Skolið dýnuna með köldu vatni.
- ▶ Látið dýnuna loftþorna eða þurrkið yfir hana.
- ▶ Strjúkið yfir dýnuna með sótthreinsiefni.
- ▶ Skolið dýnuna með köldu vatni.
- ▶ Látið dýnuna loftþorna eða þurrkið yfir hana.

Efri/neðri dýnuhlífar þvegnar í þvottavél:

- ▶ Fjarlægjið dýnuhlífina (sjá „Dýnuhlíf fjarlægð“).
- ▶ Ef efri og/eða neðri dýnuhlífin er þvegin í þvottavél skal hækka hitastig þvottalotunnar í 65 °C/149 °F í 10–15 mínútur, eða 71 °C/160 °F í 3–10 mínútur, og nota þvotta- og hreinsiefni og skolefni sem samþykkt eru til notkunar á sjúkrahúsum.
- ▶ Þurrkið dýnuhlífina í þurrkara við lágan hita.

ATHUGIÐ: Hámarkshitastig við þvott er 75 °C/167 °F.

14.4.4 Dýnumiðja

Ekki er þörf á meiriháttar þrifum á dýnumiðjunni. Ekki þarf að sótthreinsa dýnumiðjuna. Mælt er með því að láta loft leika um dýnumiðjuna einu sinni í mánuði (fjarlægjið dýnuhlífina og látið dýnumiðjuna standa á loftræstu svæði í 12–24 klukkustundir). Ekki má þvo dýnumiðjuna með vatni eða sótthreinsiefnum.

15 Aukabúnaður



WARNING!

Hætta á meiðslum vegna ósamhæfs aukabúnaðar!

- ▶ Aðeins má nota upprunalegan aukabúnað frá framleiðanda.



WARNING!

Hætta á meiðslum vegna skemmds aukabúnaðar!

- ▶ Notið eingöngu aukabúnað sem er í fullkomnu ásigkomulagi.



WARNING!

Hætta á meiðslum eða efnislegum skemmdum vegna rangrar notkunar!

- ▶ Samhæfanlegir aukahlutir sem eru framleiddir af öðrum eru með sínar eigin notkunarleiðbeiningar. Nauðsynlegt er að lesa notkunarleiðbeiningarnar fyrir samhæfanlegan aukabúnað ásamt notkunarleiðbeiningunum fyrir samhæfanlegu LINET vöruna, til að fara sérstaklega eftir tækniþáttum, aðvörðunum, leiðbeiningum fyrir þríf og viðhald á LINET-vörum og samhæfanlegum aukabúnaði þeirra!

ATHUGIÐ: Framleiðandi tekur enga ábyrgð á notkun aukabúnaðar sem ekki hefur verið samþykktur af framleiðanda.

SAMHÆFANLEGIR AUKAHLUTIR	AUÐKENNISNÚMÉR
Samanfellanleg innrennslisstöng	4MAPLUCN0307, 4MAS27001900
Færanleg innrennslisstöng	4ZZ426100
Lárétt festing fyrir súrefniskút	4MAS6013124
Kassi fyrir aukahluti	1106000080000

15.1 Samanfellanleg innrennslisstöng



VIÐVÖRUN!

Ekki má nota Tom 2 rúmið með útdraganlegri innrennslisstöng 4MAPLUCN0307 og með útdraganlegri innrennslisstöng 4MAS27001900 samtímis!



VARÚÐ!

Hætta er á eignatjóni ef innrennslisdælan er ekki á réttum stað!

- ▶ Setjið innrennslisdælu varlega á útdraganlega hluta samanfellanlegu innrennslisstangarinnar til að koma í veg fyrir skemmdir á útdraganlega hlutanum!



WARNING!

Hætta er á meiðslum ef innrennslisdælan er ekki á réttum stað!

- ▶ Gætið þess að innrennslisdælan á innrennslisstönginni rekist ekki á sjúklinginn!



WARNING!

Hætta er á meiðslum og skemmdum ef varan er notuð með röngum hætti!

- ▶ Ekki nota innrennslisstöngina til að aka/lýta rúminu við flutning.

Innrennslisstöngin er til þess að hengja á innrennslispoka eða körfur fyrir innrennslislausnir.

Hægt er að koma henni fyrir í höldurum fyrir aukabúnað á horni rúmsins.

Samanfellanleg innrennslisstöng er með 4 plastkróka.

Hámarks burðargeta samanfellanlegu innrennslisstangarinnar er 20 kg (5 kg á hvern krók).

15.2 Lárétt festing fyrir súrefniskút



WARNING!

Hætta er á að festing fyrir súrefniskút valdi meiðslum ef notkun er með röngum hætti!

- ▶ Gætið þess að festingunni fyrir súrefniskúta sé komið fyrir á réttum stað á hlíf undirvagnsins.
- ▶ Koma verður festingu fyrir súrefniskúta (með eða án súrefniskúts) fyrir áður en rúmið er flutt til, til að tryggja öruggan flutning.
- ▶ Verið vakandi fyrir fólki eða hlutum í næsta nágrenni þegar rúminu er ekið eða þegar rúm með áfastri festingu fyrir súrefniskút er hreyft til.
- ▶ Notið gúmmíteygju til að festa súrefniskúta og koma í veg fyrir að þeir falli til jarðar eða hreyfist til fyrir slysi.
- ▶ Gætið þess að loki súrefniskútsins verði ekki fyrir skemmdum vegna ógætilegrar eða rangrar notkunar eða staðsetningar.

Festingin fyrir súrefniskút er til þess að flytja súrefniskúta sem eru allt að 15 kg.

Festing fyrir súrefniskút á að vera á hlíf undirvagnsins.

15.3 Kassi fyrir aukahluti

Kassi fyrir aukahluti er ætlaður fyrir eigur sjúklingsins (bleyjur, leikföng, o.s.frv.).

Kassi fyrir aukahluti er undir fótagaflinum.

Hámarksburðargeta kassa fyrir aukahluti er 10 kg.

Til að þrifa kassa fyrir aukahluti:

- ▶ takið hann úr sæti sínu.

16 Þrif/sóttþreinsun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að læsa öllum stillingum áður en hlutar rúms eru settir saman, teknir sundur, þrífir eða unnið að viðhaldi þeirra.
- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er þrifið.
- ▶ Gætið sérstakrar varúðar við þrif á hreyfanlegum hlutum eða stjórnbúnaði til að koma í veg fyrir að stjórnbúnaður sé virkjaður í ógáti, sem getur valdið slysum, eða að líkamshlutar klemmist milli hreyfanlegra hluta.
- ▶ Aðeins starfsmaður sem hefur hlotið þjálfun í að stjórna rúminu ætti að sjá um þrif á því.



VIÐVÖRUN!

Hætta á skemmdum á rúminu við notkun rangra hreinsiefna eða aðferða við þrif!

- ▶ Ekki má nota vélar til að þvo rúmið.
 - ▶ Ekki má þrifa rúmið með því að úða á það eða gegnbleyta það eða með því að nota háþrýsti- eða gufuhreinsitækki.
 - ▶ Val á hreinsiefnum/sóttþreinsiefnum og rétt blöndun þeirra er á ábyrgð starfsmanns sem hefur umsjón með þrifum/sóttþreinsun í samræmi við upplýsingar í þessari handbók.
 - ▶ Ekki má nota sýkladrepanði efni eða önnur efni sem gefa frá sér geislaorku ef geislaorkan hefur bein áhrif á rúmið.
 - ▶ Fylgið þessum leiðbeiningum og þeim skömmtum hreinsiefna sem framleiðandi ráðleggur.
 - ▶ Ef ekki er farið eftir ráðlögðum ferlum er hætt á að rúmið skemmist.
 - ▶ **Athugið hvort þau hreinsiefni og sóttþreinsiefni sem eru notuð séu samhæf við efni vörunnar!**
- Frekari upplýsingar má finna í eftirfarandi töflu.**

ÍHLUTIR RÚMS SEM MÁ ÞRIFA	EFNI (YFIRBORÐSFLETIR TILGREINDRA ÍHLUTA RÚMS)		
Þrifið ekki aðra hluti en þá sem eru tilgreindir í þessum dálki!	Hæfur notandi ber ábyrgð á að athuga hvort þau hreinsiefni og sóttþreinsiefni sem eru notuð séu samhæf við tilgreind efni!		
Höfðagafl og fótagafl	Oxað álblendi + lakkað stál + pólýkarbónat (PC)		
Hliðargrindur	Oxað álblendi + lakkað stál + pólýamíð (PA)		
Hlífar fyrir stoðgrind dýnu	Akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + lakkað stál		
Hornsúlur	Oxað álblendi + pólýamíð (PA)		
Hjól	Tente Integral: Pólýúretan (PUR) + pólýprópýlen (PP)	Tente Motion: Sinkh-úðað stál	Tente Linea: Pólýamíð (PA6) + pólýprópýlen (PP) + pólýúretan (PU)
Stjórnstangir fyrir hjól	Pólýamíð (PA6) + hitaþjálta gúmmílíki (TPE)		
Stoðgrind dýnunnar	Lakkað stál		
Súlur	Oxað álblendi + pólýoxýmetýlen (POM)		
Hlíf á undirvagni	heil hlíf á undirvagni: Akrýlónítrílbútadíenstýren (ABS)	tvískipt hlíf á undirvagni: Lakkað stál	
Högghlíf á hornum	Pólýprópýlen (PP)		
Mini-stjórnborð umönnunaraðila	Akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) + pólýetýlenterepalat (PET)		
Stjórnstangir fyrir endurlífgunarstillingu	Pólývínýlklóríð (PVC) + lakkað stál		
Merkimiðar	Pólýetýlenterepalat (PET)		
Grind aukabúnaðar	Pólýoxýmetýlen (POM) + lakkað stál		
Rafhreyfar	Pólýamíð (PA6) + ál (Al)		

16.1 Öryggisleiðbeiningar fyrir þrif og sótthreinsun á rúmi

Undirbúningur fyrir þrif:

- ▶ Færið rúmið þangað sem þrifin fara fram og setjið það í bremsu.
- ▶ Setjið stoðgrind dýnu í efstu stöðu. Stillið einnig bakstoð og stuðning undir lærum þannig að auðvelt sé að þrifa bakhlið þessara hluta.
- ▶ Læsið öllum stillingum rúmsins til að koma í veg fyrir að hlutar þess færast til og koma um leið í veg fyrir meiðsli.
- ▶ Takið rúmið úr sambandi við rafmagn.
- ▶ Gangið úr skugga um að öll tengi séu vel fest (stjórnbúnaður, rafhreyfar og stjórneining).

Ráðleggingar við þrif:

- ▶ Notið aðeins hreinsiefni sem henta fyrir lækningatæki.
- ▶ Þynnið hreinsiefnið í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda viðkomandi hreinsiefnis.
- ▶ Ekki má nota sterkar sýrur eða basa. Ákjósanlegt pH-bil er 6–8.
- ▶ Notið ekki slípanefni, stálull, eða önnur efni og hreinsiefni sem gætu valdið skemmdum á yfirborðsflötum rúmsins.
- ▶ Aldrei má nota hreinsiefni sem innihalda leysiefni sem gætu haft áhrif á byggingu og þéttleika plastefna (bensen, tólúen, asetón o.s.frv.).

Þrif:

- ▶ Strjúkið yfir rúmið með rökum og vel undnum klút.
- ▶ Hægt er að úða hreinsiefninu á rúmið eða í klútinn.
- ▶ Hreinsið og sótthreinsið rúmið eins og við á hverju sinni. Hreinsun og sótthreinsun skal taka mið af því hve mikil óhreinindi eru til staðar og því um hvers konar þrif er að ræða (dagleg þrif, þrif milli sjúklinga eða heildarþrif).
- ▶ Hreinsið rafræna hluta rúmsins varlega og aðeins að utanverðu. Við þrif og sótthreinsun má aldrei losa tengi. Gætið þess að raki liggja hvorki lengi né samfellt á rafrænum hlutum og tengjum .
- ▶ Að loknum þrifum eða sótthreinsun skal láta rúmið þorna alveg.
- ▶ Þegar rúmið hefur þornað skal setja dýnuna aftur á stoðgrind dýnnar.
- ▶ Þegar rúmið hefur þornað skal kanna hvort aðgerðir rúmsins virka sem skyldi.

16.2 Almennar leiðbeiningar fyrir þrif og sótthreinsun

16.2.1 Dagleg þrif

Mælt er með að þrifa alla þá hluta rúmsins sem sjúklingur eða starfsfólk snertir (t.d. hliðargrindur, höfðagafl og fótagafl, fjarstýringu, lyftistöng o.s.frv.) og öll handföng, stjórnbúnað og grindur aukabúnaðar.

16.2.2 Þrif milli sjúklinga

Mælt er með að þrifa vel og sótthreinsa alla þá hluta rúmsins sem sjúklingur eða starfsfólk snertir (sjá dagleg þrif), stoðgrind dýnu, súlur, hlífur á undirvagni og dýnu.

16.2.3 Heildarþrif / þrif fyrir fyrstu notkun

Mælt er með heildarþrifum á rúminu fyrir fyrstu notkun og á að minnsta kosti 4–8 vikna fresti eftir það.

16.2.4 Vökvi sem hellist niður þurrkaður upp

Þurrka skal upp vökva sem hellist niður eins fljótt og hægt er. Alltaf skal taka rúmið úr sambandi áður en vökvi er þurrkaður upp. Ákveðnir vökvar sem notaðir eru á sjúkrahúsum kunna að valda varanlegum blettum.

16.2.5 Skemmdir á svampdýnu

Skoða skal dýnuna reglulega og leita eftir sprungum, götum eða rifum sem geta veikt vörn dýnuhlífarinnar gegn óhreinindum, vökva eða sýklum. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda ef verulegar skemmdir eru á dýnuhlífinni.

16.3 Aðferðir við þrif og sótthreinsun

Hluti rúms – Tom 2	Dagleg þrif og sótthreinsun	Þrif og sótthreinsun milli sjúklinga	Heildarþrif og -sótthreinsun
Útdraganlegar hliðargrindur			
■ Útdraganlegar slár	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
■ Losunarbúnaður	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
■ Efri slá	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
■ Neðri slá	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Höfðagafi og fótagafi			
■ Plata	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
■ Horn	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
■ Grind	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Stjórnþúnaður	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hlíf fyrir stoðgrind dýnu	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hlíf á undirvagni	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Útdraganlegar súlur	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Rafmagnssnúra	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Grind undirvagns	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Hjól	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Rafhreyfar	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>

17 Úrræðaleit



HÆTTA!

Lífshætta vegna raflosts!

- ▶ Ef bilun verður í rafmótor, aflhólfi eða öðrum rafbúnaði skulu einungis viðurkenndir þjónustuaðilar annast viðgerðir.
- ▶ Ekki má opna hlífarnar á rafmótor eða aflhólfi.

Villa/vandamál	Orsök	Lausn
Stillingar rúms með stöðuhnöppum virka ekki	Ekki var ýtt á virkjunarhnappinn	Ýtið á virkjunarhnappinn.
	Ekkert afl í rafhreyfum Gallaðir rafhreyfar Gallaður rafgeymir	Athugið rafmagnstenginguna. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Rafmagnskló hefur ekki verið sett í samband með réttum hætti	Setjið rafmagnskló í samband með réttum hætti.
	Biluð stjórneining	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Bilun í stjórnbúnaði	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Bilun í stillingu á hæð/halla stoðgrindar dýnu	Hindrun á hlíf á undirvagni	Fjarlægjið hlutinn.
	Ekkert afl í rafhreyfum Gallaðir rafhreyfar Gallaður rafgeymir	Athugið rafmagnstenginguna. Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Rafmagnskló hefur ekki verið sett í samband með réttum hætti	Setjið rafmagnskló í samband með réttum hætti.
	Biluð stjórneining	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
	Bilun í stjórnbúnaði	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Ekki er hægt að lækka bakstoð úr uppréttri stöðu	Hindrun undir bakstoðinni eða í drifbúnaði	Fjarlægjið hlutinn.
	Bilun í losunarhandfangi	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Ekki er hægt að stilla hliðargrindur	Hindrun í læsingarbúnaði hliðargrindar	Hreinsið læsibúnaðinn.
	Bilun í losunarhandfangi	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.
Hemlabilun	Hindrun í hemlabúnaði	Hreinsið hemlakerfið.
	Hemlabúnaður er bilaður	Hafið samband við þjónustudeild framleiðanda.

18 Viðhald



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum þegar unnið er við rúmið!

- ▶ Gætið þess að taka rúmið úr sambandi við rafmagn áður en það er sett upp, tekið í notkun, við viðhaldsvinnu og þegar það er tekið úr notkun.
- ▶ Gætið þess að hjólin séu læst áður en uppsetning fer fram, þegar rúmið er tekið í notkun, við viðhaldsvinnu og þegar rúmið er tekið úr notkun.
- ▶ Ekki má þjónusta eða gera við neinn hluta Tom 2 ME lækningabúnaðarins á meðan sjúklingur notar hann.



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum vegna bilunar í rúmi!

- ▶ Lagfæra verður skemmt rúm umsvifalaust.
- ▶ Ekki skal nota rúmið ef ekki er hægt að lagfæra bilunina.



VARÚÐ!

Efnislegar skemmdir af völdum rangs viðhalds!

- ▶ Gætið þess að viðhald sé einungis í höndum þjónustudeildar framleiðanda eða framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðila sem vottaður er af framleiðanda.
- ▶ Ekki skal nota rúmið ef ekki er hægt að lagfæra bilunina.

LINET © mælir með því að hengja viðgerðaspjald við rúmið.

18.1 Reglulegt viðhald

- ▶ Kannið reglulega slit á hreyfanlegum íhlutum.
- ▶ Framkvæmið reglulega sjónræna athugun á vörunni (ásamt afhendingarseðli ef þörf krefur).
- ▶ Biðjið þjónustudeild framleiðanda um upprunalega íhluti ef tiltekna íhluti vörunnar vantar.
- ▶ Biðjið þjónustudeild framleiðanda um upprunalega íhluti í stað skemmdra íhluta.
- ▶ Gangið úr skugga um að rafgeymirinn starfi rétt. Takið rúmið úr sambandi við rafmagn til að lesa úr merkjum gaumljóss rafgeymis samkvæmt notkunarleiðbeiningum.
- ▶ Látið skipta um rafgeyminn ef svo er ekki.
- ▶ Athugið reglulega hvort allur aukabúnaður starfi rétt.
- ▶ Skiptið umsvifalaust um skemmdan aukabúnað.

18.2 Varahlutir

Merkingu með raðnúmeri er að finna á stoðgrind dýnnunnar. Á merkingunni er að finna upplýsingar fyrir kröfur og pantanir á varahlutum.

Upplýsingar um varahluti eru fáanlegar hjá:

- Þjónustudeild framleiðanda
- Söluveild

18.3 Tæknilegar öryggisprófanir



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum ef tæknilegar öryggisprófanir eru ekki rétt framkvæmdar!

- ▶ Gætið þess að tæknilegar öryggisprófanir séu í höndum þjónustudeildar framleiðanda eða framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðila sem vottaður er af framleiðanda.
- ▶ Gætið þess að tæknilegar öryggisprófanir séu skráðar í þjónustu- og viðhaldsbók.

Öryggisprófun á sjúkrarúminu ætti að fara fram með a.m.k. 12 mánaða millibili.

Greint er frá reglum um framkvæmd öryggisprófunar í EN 62353:2014.

ATHUGIÐ Framleiðandi útvegar þjónustuaðilum fylgiskjöl samkvæmt beiðni (t.d. rafrásarteikningar, lista yfir íhluti, lýsingar, kvörðunarleiðbeiningar o.s.frv.) til viðgerða á lækningabúnaði sem framleiðandinn telur að þjónustuaðili sé fær um að lagfæra.

19 Förgun

19.1 Umhverfisvernd

Fyrirtækið LINET® gerir sér grein fyrir mikilvægi umhverfisverndar fyrir komandi kynslóðir. Innan þessa fyrirtækis er umhverfisstjórnunarkerfinu framfylgt í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14001. Fyrirtæki með tilskildar heimildir framkvæmir sjálfstæða, árlega úttekt til að tryggja að skilyrði þessa staðals séu uppfyllt. Samkvæmt tilskipun nr. 2002/96/EB (tilskipun **WEEE** - Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur) er fyrirtækið LINET, s. r. o. skráð sem framleiðandi raf- og rafeindabúnaðar (**Seznam výrobců elektrozařízení**) hjá umhverfisráðuneyti Tékklands (Ministerstvo životního prostředí).

Efni sem notuð eru í þessari vöru eru ekki hættuleg umhverfinu. Vörur frá LINET® uppfylla kröfur gildandi löggjafar og Evrópulöggjafar hvað varðar **takmarkanir hættulegra efna (RoHS)** og **REACH**, og innihalda því ekki óleyfileg efni í miklu magni. Engir viðarhlutir eru gerðir úr hitabeltisvið (svo sem mahóní, rósavið, íbenholti, tekk o.s.frv.) eða úr timbri frá Amazon-svæðinu eða slíkum regnskógum. Hljóðstig vöru (hljóðþrýstistig) uppfyllir kröfur um vernd gegn óæskilegum áhrifum vegna hávaða eða titrings á vörðum svæðum innanhúss (samkvæmt EN 50637). Umbúðafni er í samræmi við ákvæði laga um umbúðir (**Zákon o obalech**). Hafið samband við sölufulltrúa eða þjónustuver framleiðanda eftir uppsetningu búnaðar til að fá upplýsingar um förgun umbúðaefna og möguleikann á ókeypis endursendingu umbúða með viðurkenndu fyrirtæki (frekari upplýsingar er að finna á **www.linnet.cz**).

19.2 Förgun

Meginmarkmið þessara skylda á grundvelli Evróputilskipunar nr. 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (framfylgt í hverju landi fyrir sig samkvæmt 185/2001 Coll. með áorðnum breytingum. Um úrgang og samkvæmt úrskurði Umhverfisráðuneytisins nr. 352/2005 Coll. með áorðnum breytingum), á að auka endurnotkun, endurnýtingu og nýtingu á raf- og rafeindabúnaði með tilskildum hætti og þar með forðast framleiðslu á úrgangi og þau mögulegu skaðlegu áhrif sem hættulegu efni í raf- og rafeindabúnaði geta haft á heilbrigði manna og umhverfið. LINET® raf- og rafeindabúnaður með innbyggðum rafgeymi eða rafhlöðu er hannaður með þeim hætti að aðeins viðurkenndir tæknimenn frá LINET® geti fjarlæggt notaða rafgeyma eða rafhlöður með öruggum hætti. Finna má upplýsingar um þessa gerð á innbyggðu rafhlöðunni eða rafgeyminum.

19.2.1 Innan Evrópu

Hvernig farga á raf- og rafeindabúnaði:

- ▶ Ekki skal farga raf- og rafeindabúnaði með heimilissorpi.
- ▶ Fargið þessum búnaði á móttökustöðvum eða endurvinnslustöðvum.

Hvernig farga á öðrum búnaði:

- ▶ Óheimilt er að farga búnaðinum með heimilissorpi.
- ▶ Fargið þessum búnaði á móttökustöðvum eða endurvinnslustöðvum.

LINET® er í samstarfi við móttökufyrirtækið REMA System (sjá **www.remasystem.cz/sberna-mista/**).

Með því að skila raf- og rafeindabúnaði á endurvinnslustöðvar getur þú tekið þátt í endurvinnslu og bjargað upprunalegu hráefni á meðan þú verð umhverfi þitt fyrir áhrifum óábyrgrar förgunar.

19.2.2 Utan Evrópu

- ▶ Fargið vörunni og íhlutum hennar samkvæmt gildandi lögum og reglum!
- ▶ Fáðið viðurkennt sorphirðufyrirtæki til að farga búnaðinum!

20 Ábyrgð

LINET® ber einungis ábyrgð á öryggi og áreiðanleika vöru ef tryggt er að viðkomandi vara fái reglulegt viðhald og að hún sé aðeins notuð í samræmi við öryggisreglur.

Ef upp kemur alvarleg bilun sem ekki er hægt að gera við:

- ▶ Ekki halda áfram að nota rúmið.

Þessi vara er með 24 mánaða ábyrgð frá og með kaupdegi. Ábyrgðin nær yfir alla efnislega galla og framleiðslugalla. Ábyrgðin nær ekki yfir bilanir sem verða vegna rangrar notkunar og ytri áhrifa. Gert verður við alla galla sem ábyrgðin nær yfir á ábyrgðartímabilinu án endurgjalds. Ef þörf er á þjónustu sem fellur undir ábyrgð ber að framvísa kvittun þar sem fram kemur kaupdagsetning. Hefðbundnir skilmálar gilda.

21 Staðlar og reglugerðir

Hagnýtar reglur er að finna í samræmisýfirlýsingu.

Tom 2 sjúkrarúmið uppfyllir eftirfarandi staðla og tilskipanir:

- EN 60601-1
- EN 60601-1-2
- EN 60601-1-6
- EN 50637
- ISO 14971

Framleiðandinn fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem samrýmist eftirfarandi stöðlum:

- ISO 9001
- ISO 14001
- ISO 13485
- MDSAP (áætlun um staka öryggisúttekt lækningatækja)